**ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR**

*Endurvekur Laser Tag*

• græjur

allt ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS





**STRÁKALIÐIÐ STYRMIR**

*Steinlá í fyrsta leik*

tapaði 9-1 fyrir Henson.

FÓLK 20



**HJALTI RAGNARSSON**

*Hinn íslenski Moe*

Ekki kominn með Duff-bjór

FÓLK 30




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. júní 2007 — 163. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## MÁNUDAGUR

### Gaf tæplega 200 dúkkur



Helga Ingólfsdóttir gaf Byggðasafni Reykjanesbæjar dúkkusafn sitt fyrir skömmu.

FÓLK 30

### Láta verkin tala

52 nemendur útskrifuðust með MBA-viðskiptafræðipróf, frá Háskólanum í Reykjavík.

TÍMAMÓT 16

### Ann myndasögum



Kristján Jón Guðnason gaf út teiknimyndasögu á dögunum.

TILVERA 10

### Landsbankadeildin gerð upp



Þrír leikmenn eru með sjö í meðaleinkunn eftir sex umferðir í Landsbankadeild karla samkvæmt einkunnagjöf Fréttablaðsins.

ÍÞRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG





**HÆGVIÐRI -** Í dag verður hæg breytileg átt. Víða hálfskýjað eða léttskýjað og yfirleitt úrkomulaust. Hiti 7-18 stig, hlýjast til landsins sunnan til og einnig fyrir austan.

# Stórlaxar að verða útdauðir

**Stórlax verður útdauður árið 2020 ef svo fer sem horfir. Ríkið sinnir þessari auðlind illa segja veiðimenn og Veiðimálastofnun er í fjársvelti. Veiðimenn þurfa sjálfir að setja reglur til að vernda laxastofninn.**

**LANDBÚNAÐUR** Stórlax mun hverfa á næstu fimmtán til tuttugu árum verði hlutfallsleg fækkun hans sú sama og áður. Þetta kemur fram í ársskýrslu Veiðimálastofnunar. Stangaveiðifélag Reykjavíkur hefur brugðist við og sett reglur um að sleppa verði stórlaxi.

Þar á bæ er þó óánægja með það hvað aðrir sem eiga hagsmuna að gæta virðast bregðast seint við. Haraldur Eiríksson hjá Stangaveiðifélagi Reykjavíkur segir veiðimenn taka ýmislegt á sig til að reyna að vernda stórlaxinn. „Við höfum fært opnanir aftur til að minnka álag á stórlaxinn. Áður fyrr opnuðum við árnar 1. júní en nú opnum við þær tveimur vikum seinna með tilheyrandi tapi. Við höfum einnig fækkað stöngum og þær eru færri en þörf er á samkvæmt reglum Veiðimálastofnunar.“

Skylda er að sleppa stórlaxi á ákveðnum svæðum sem Stangaveiðifélagið hefur umsjón með. „Í fyrra vorum við með tilmæli til veiðimanna um að sleppa laxinum en það virkaði ekki nógu vel. Maðkur var leyfilegur og sjaldnast er hægt að sleppa laxi ef hann er veiddur á maðk. Nú er því bara leyfilegt að veiða á flugu þar sem tilefni var til aðgerða. Mér finnst einnig spurning hvort þessar reglur eigi að koma frá okkur og hvort hið opinbera eigi ekki frekar að setja þær. Með því verður meiri samræming,“ segir Haraldur.

„Laxveiði er iðnaður sem veltir sjö til níu milljörðum á ári. Yfirvöld hafa lokað augunum og líta á það sem gefið að fiskurinn skili sér ár eftir ár. Veiðimálastofnun hefur verið fjársvelt af ríkinu í mörg ár. Til dæmis koma fimmtíu prósent atvinnutekna í landbúnaði á Vesturlandi af laxveiði án þess að nokkru sé varið til rannsókna sem heitið getur.“

Haraldur óskar einnig eftir þátttöku frá Landssambandi veiðifélaga. „Ég vil fá meiri innkomu sambandsins og að það sé sterkara.“

Óðinn Sigþórsson, formaður Landssambands veiðifélaga, segir að fækkun stórlaxins sé alvarlegt vandamál. „Við höfum unnið að því með Veiðimálastofnun að hvetja veiðimenn til að sleppa stórlaxinum. Það hefur vissulega haft áhrif og menn hafa sleppt laxi í vaxandi mæli. Samt eru 60 prósent af laxi drepin sem er óásættanlegt.“ Landssambandið hefur ekki vald til að setja veiðifélögunum reglur. „En þau hafa tekið tilmælum okkar vel og mörg hver bannað að stórlaxi sé haldið.“ - pal



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**SIGRINUM FAGNAÐ** Strákarnir okkar fögnuðu ákaft sigri á Serbum í gær. Það var hádramatík í Höllinni en með sigri tryggði landsliðið sér þátttökurétt á Evrópumótinu í Noregi á næsta ári. Birkir Ívar Guðmundsson, Guðjón Valur Sigurðsson og Sverre Jakobsson stigu trylltan dans á fjölum Laugardalshallarinnar. Sjá síðu 24





*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007

Mótmælendur stóriðju á þaki Þjóðleikhússins:

# Fánalög brotin á þjóðhátíðardegi

**LÖGREGLUMÁL** Um 25 metra langur fáni var hengdur utan á Þjóðleikhúsið í gær. Fáninn líktist þeim íslenska og framan á hann hafði verið gert skjaldarmerki sem líktist því íslenska. Á skjaldarmerkið voru letruð nöfn álfyrirtækjanna þriggja, Alcoa, Alcan og Norðuráls.

Mótmælendur sögðu að með þessu vildu þeir minna á að Íslendingar væru langt frá því að vera sjálfstæð þjóð af því að Ísland hefði verið yfirtekið af álfyrirtækjum.

Fimm mótmælendur voru handteknir og fáninn gerður upptækur. Lögregla segir fánalög hafa verið brotin auk þess sem fólkið hafi ekki haft leyfi til að klifra upp á Þjóðleikhúsið.

Mótmælendur voru í um hálftíma uppi á þaki Þjóðleikhússins og á þeim tíma sungu þeir til að mynda „Ó fagra Ísland, þú farsæla Frón, vér drekkjum þér í nafni alþjóðlegra stórfyrirtækja og almennrar græðgi.“ Auk þess spiluðu þeir sírenuhljóð fyrir þjóðhátíðargesti og kröfðust þess að stóriðjuframkvæmdir yrðu stöðvaðar. - kdk







Minni sigur en búist var við:

# Sarkozy sigrar í þingkosningum

**PARÍS, AP UMP-flokkur Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta sigraði í seinni umferð frönsku þingkosninganna sem fram fór í gær með 47 prósent atkvæða samkvæmt útgönguspám.**

**Sigurinn var þó minni en spár höfðu bent til og sýndu útgönguspár höfuðandstæðinginn, Sósíalistaflokkinn, með meira fylgi en búist hafði verið við eða 41 prósent.**

**Sarkozy mun samt sem áður hafa nægilega stóran þingmeirihluta til að hrinda í framkvæmd umbótaáætlun sinni sem snýr að því að aflétta hömlum á vinnumarkaði og lækka tekjuskatt meðal annars.**

**Kosningaþátttakan var aðeins um 60 prósent.** - sdg

**SPURNING DAGSINS**



*Benóný, kemur „fjallkarlinn“ af fjöllum?*

„Hann kemur varla af fjöllum en er allavega fjallmyndarlegur.“

Benóný Ægisson, verkefnisstjóri 17. júní í Reykjavík, hefur verið í hlutverki „fjallkarlsins“ undanfarin ár sem hefur það hlutverk að velja fjallkonuna og styðja á alla lund.

Forsætisráðherra fjallaði um afleiðingar svartrar skýrslu Hafró á Austurvelli í gær:

# Betur í stakk búin fyrir áföll

**STJÓRNMÁL** Íslendingar eru betur í stakk búnir til að takast á við áföll í sjávarútvegi í dag en oftast áður, sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra í hátíðarræðu á Austurvelli í gær.

„Það er skylda ríkisvaldsins að koma þeim byggðarlögum til hjálpar þar sem grundvöllur atvinnustarfsemi og samfélags brestur, hvort sem það er í sjávarútvegi eða öðrum greinum,“ sagði Geir. Hann sagðist hafa búist við að flestum hafi brugðið við að lesa skýrslu Hafrannsóknarstofnunar um ástand nytjastofna við landið.

„Hverjum manni er það ljóst að þjóðin er nú betur í stakk búin til að takast á við áföll á þessu sviði en oftast áður. Nú er meiri viðspyrna og við höfum betri efni á að líta til lengri tíma og taka á okkur byrðar sem létt gætu róðurinn síðar. Það eru hyggindi sem í hag koma,“ sagði Geir.

Hann sagðist ekki vilja gera lítið úr gagnrýni á kvótakerfið, engin mannana verk séu fullkomin og eflaust megi bæta kerfið. En engar líkur séu á því að annað kerfi hefði takmarkað veiðarnar meira. Ríkisstjórnin standi að baki sjávarútvegsráðherra í því að ákvörðun um kvóta komandi fiskveiðiárs verði tekin að vandlega athuguðu máli. - bj



**FISKVEIÐAR** „Við höfum betri efni á að líta til lengri tíma og taka á okkur byrðar sem létt gætu róðurinn síðar,“ sagði Geir H. Haarde. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Árás inni í lögreglubíl:

## Réðst á löggur og hótaði lífláti

**LÖGREGLUMÁL Karlmaður á þrítugsaldri réðst í fyrrinótt á tvo lögreglumenn frá Blönduósi með barsmíðum og morðhótunum.**

**Kallað var eftir aðstoð lögreglu eftir að maðurinn hafði verið til vandræða á Skagaströnd. Lögreglan sá ekki ástæðu til að handaka manninn en bauðst til að aka honum á Blönduós. Á leiðinni þangað missti maðurinn stjórn á sér. Árásin náðist á myndband í lögreglubílnum.**

**Málið er litið alvarlegum augum og er nú til rannsóknar. Talið er að árásarmaðurinn hafi verið undir áhrifum eiturlyfja. - kdk**



**BLÓÐUGUR VETTVANGUR** Rútan var á ferð um fjölmennt svæði í Kabúl þegar sprengingin varð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rúta sprengd í Afganistan:

## Mannskæðasta árásin frá 2001

**AFGANISTAN, AP Að minnsta kosti 35 létust og 52 særðust þegar rúta með lögreglukennurum var sprengd í loft upp í Kabúl, höfuðborg Afganistan, í gær í mannskæðustu árásinni frá innrás Bandaríkjahers og bandamanna í Afganistan árið 2001. Talibanar lýstu ábyrgð á árásinni á hendur sér.**

**Forseti Afganistan, Hamidd Karzai, fordæmdi árásina sem hann sagði tilraun „óvina Afganistan“ til að stöðva þróun öryggissveita landsins. Sveitirnar spila lykilhlutverk í áætlun Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins um að stjórnvöld í Afganistan taki yfir stjórn öryggismála í landinu. - sdg**

Landamæri Líbanon og Ísrael:

## Eldflaugum skotið á Ísrael

**ÍSRAEL, AP** Að minnsta kosti tveimur eldflaugum var skotið frá Líbanon á Ísrael í gærdag í fyrstu eldflaugaárásinni síðan í stríði Ísraels og Hisbollahsamtakanna í Líbanon í fyrrasumar þegar tæplega 4.000 eldflaugum var skotið á Ísrael.

Hisbollah sendu síðar um daginn frá sér yfirlýsingu um að þau stæðu ekki á bak við árásina.

Háttsettur ísraelskur embættismaður sagði að Ísrael myndi ekki svara með árás en að grannt yrði fylgst með ástandinu. - sdg

# Óttast uppkaup íslenskra kaupahéðna

**Grænlensk stjórnvöld eru hikandi við að taka þátt í fríverslunarsamningi Íslendinga og Færeyinga. Fyrirtæki og verkalýðsfélög á móti samningum. Óttast fjársterk íslensk fyrirtæki og innflutning erlends vinnuafls til Grænlands.**

**UTANRÍKISMÁL** Grænlensk stjórnvöld óttast afleiðingar fríverslunarsamnings við Ísland og Færeyjar og vilja því ekki taka þátt í Hoyvikur-samningnum í bili. Samningurinn auðveldar meðal annars fyrirtækjum að fjárfesta í aðildarlöndunum.

Rætt var um fríverslunarsamninginn á fundi Vestnorræna ráðsins á Húsavík á laugardag, og hvöttu bæði íslenskir og færeyskir fulltrúar Grænlendinga til að taka þátt í samningunum.

Aleqa Hammond, utanríkisráðherra Grænlands, segir grænlensk stjórnvöld hafa miklar efasemdir um að Grænlendingar séu tilbúnir til að verða aðilar að fríverslunarsamningnum.

„Ríkisstjórnin hefur rætt við aðila í grænlenska atvinnulífinu, ekki aðeins fulltrúa fyrirtækja og frumkvöðla, heldur einnig verkalýðsfélögin. Hingað til höfum við fengið skýr skilaboð um að Grænlendingum finnist þeir ekki tilbúnir til að verða aðilar að Hoyvikursamningnum,“ segir Hammond.

„Meginrökin fyrir þessu er sá ótti að grænlenskt viðskiptalíf sé ekki eins þróað og viðskiptalífið á Íslandi og í Færeyjum,“ segir Hammond. Því sé ákveðin hætta á uppkaupum fjársterkra íslenskra eða færeyskra aðila á Grænlandi. Að auki sé Grænland ekki tilbúið fyrir frjálst flæði vinnuafls milli landanna.

„Þetta þýðir ekki að Grænland sé andsnúið Hoyvikur-samningnum, heldur einungis að nú sé ekki rétti tíminn til að gerast aðili að samningnum,“ segir Hammond.

Hún segir að grænlensk stjórnvöld muni fylgjast vel með áhrifum samningsins á Færeyjar og Íslands áður en tekin verði ákvörðun um framhaldið.

„Hingað til hefur mér sýnst Íslendingar nýta sér samninginn afar vel, en samningurinn virðist ekki eins hagstæður fyrir Færeyinga eins og þeir gætu hafa haldið. Þess vegna er mikilvægt að við bíðum og sjáum hver áhrif samningsins verða.“ brjann@frettabladid.is



**FRÍVERSLUN** Aleqa Hammond, utanríkisráðherra Grænlands, segir grænlenskt viðskiptalíf ekki nægilega þróað til þess að óhætt sé að taka þátt í fríverslunarsamningi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### EINA KONAN FÉKK ÞRJÚ RÁÐUNEYTI

Vilji til að breyta því sem þarf að breyta á Grænlandi var það sem fékk Aleqa Hammond til að bjóða sig fram til þings árið 2005. Þá hafði hún aldrei tekið þátt í stjórnmálum fyrr, ekki frekar en nokkur annar úr fjölskyldunni.

„Ég hafði aldrei tekið afstöðu áður, en ég hlaut mjög góða kosningu, og var að kosningum loknum beðin um að taka við ráðherradómi,“ segir Hammond. Hún tók í framhaldinu við embætti ráðherra dómsmála og fjölskyldumála í grænlensku heimastjórninni, og bætti svo við sig embætti utanríkisráðherra tímabundið síðasta vor.

„Ég er eina konan sem gegnir starfi ráðherra, og er að sjálfsögðu með flest ráðuneytin. Það þurfti konu í starfið,“ segir Hammond og hlær. Kynjahlutfallið á grænlenska þinginu er þó með því jafnara sem gerist, og eru 43 prósent þingmanna konur.

Uppbygging stofna mistekist:

## Þarf uppstokkun á kvótakerfi

**STJÓRNMÁL** Áform um uppbyggingu fiskistofna með kvótakerfið sem stjórnkerfi fiskveiða virðast hafa mistekist. Þetta sagði Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis og fyrrverandi samgönguráðherra í hátíðarræðu á Ísafirði í gær.



**STURLA BÖÐVARSSON**

„Sú staða kallar á allsherjar uppstokkun á fiskveiðistjórnunarkerfinu ef marka má niðurstöðu Hafrannsóknarstofnunar,“ sagði Sturla. „Staðan í sjávarútvegsmálum er því mjög alvarleg og kallar á breytingar ef sjávarbyggðirnar eiga ekki að hrynja.“

Hann sagði sveiflur í þorskveiðum og framsal aflaheimilda ógna atvinnulífinu og byggðum landsins, og við það verði ekki búið. Byggðakvóti sé þó ekki lausn á vanda Vestfjarða, um það verði ekki sátt til framtíðar. - bj

**SLÖKKVILIÐ**

### Bíll brann í Heiðmörk

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út um klukkan sjö í gærkvöldi eftir að eldur kviknaði í bíl í Heiðmörk. Engan sakaði.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Kannabisrækt við Hvolsvöll

Lögreglan á Hvolsvelli gerði upptækar um tuttugu kannabisplöntur sem fundust á sveitabæ við þorpið um helgina. Tveir menn voru handteknir en sleppt eftir yfirheyrslu.

### Sofnaði undir stýri

Bíll valt um klukkan sjö í gærmorgun um 50 kílómetra austan við Mývatn. Að sögn lögreglunnar á Húsavík hafði ökumaður bílsins sofnað undir stýri. Hann slapp án meiðsla.


**BÍLL DAGSINS**

**NISSAN PATROL ELEGANCE 33”**

Nýskr. 12.02 - Sjálfskiptur - Ekinn 94 þús. km.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020


Skólameistari Menntaskólans á Aukureyri gagnrýnir fjárveitingar til skólanna:

# Kannar kosti einkaskóla

**MENNTUN** Skólanefnd hefur falið skólameistara Menntaskólans á Akureyri að kanna hvort það bæti rekstrarstöðu skólans að gera hann að einkaskóla með rekstrarsamningi við menntamálaráðuneytið og frelsi til að afla frekari tekna með öðrum leiðum.

Við skólaslit menntaskólans í gær gagnrýndi Jón Már Héðinsson skólameistari miðstýringu í fjárveitingum til skólanna. Taldi hann þær í andstöðu við yfirlýsta stefnu stjórnvalda í menntamálum. Þær væru ómarkvissar og rekstrarlegu öryggi skólans og fjárhagslegu sjálfstæði væri ógnað með sífelldum breytingum á forsendum fjárveitinganna og niðurskurði. Hvar sem unnið væri að nýjungum og breytingum í kennslu- og námsháttum væri við ramman reip að draga.

„Það er hins vegar farið að há okkur við þessa þróunarvinnu að fjárveiting til kennslu miðast við að það séu að lágmarki 25 nemendur í hópi og einn kennari, tafla og krít. Í fjárveitingunni er ekki gert ráð fyrir tölvum eða neinum öðrum nútíma kennsluháttum,“ sagði Jón Már og bætti við að í menntun ætti að keppa við aðrar þjóðir í gæðum en ekki magni. Í lok ræðu sinnar minnti hann nýstúdentana 135 svo á að hamingjan kæmi ekki af sjálfu sér heldur af vel unnu verki hvers einstaklings. - kdk



**NÝSTÚDENTAR FYRIR NORÐAN** Jónas Már Héðinsson, skólameistari Menntaskólans á Akureyri segir að Íslendingar eigi að keppa við aðrar þjóðir í gæðum náms en ekki magni. FRÉTTABLAÐIÐ/HREIÐAR

SIMPLY CLEVER

SKODA AUTO

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 7480

# Fjölskylduskemmtun árið um kring í boði Skoda

FÁÐU ÁRSMIÐA FYRIR FJÖLSKYLDUNA Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINN



## **Skoda**Octavia

**Skoda** Octavia er þekktur fyrir að vera áreiðanlegur og eyðslugrannur. Nú bjóðum við með í kaupum á Skoda Octavia kort fyrir alla fjölskylduna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í heilt ár.

**Skoda** Octavia með 1,9 lítra **TDI**® dísilvél sannar að afl og hagkvæmni geta farið saman. Vélin skilar 105 hestöflum en eyðslan er einungis 4,9 lítrar í blönduðum akstri á hverja 100 km.

**Skoda Octavia – skemmtilegur fjölskyldumeðlimur**

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA

## GENGIÐ 15. 06. 2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,76 | 63,06 |
| Sterlingspund | 123,64 | 124,24 |
| Evra | 83,50 | 83,96 |
| Dönsk króna | 11,212 | 11,278 |
| Norsk króna | 10,314 | 10,374 |
| Sænsk króna | 8,855 | 8,907 |
| Japanskt jen | 0,508 | 0,511 |
| SDR | 94,38 | 94,94 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
113,8043

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Söngvarinn Raggi Bjarna var útnefndur Borgarlistamaður Reykjavíkur 2007:

# Er alveg gáttaður á upphefðinni

**VERÐLAUN** Söngvarinn Raggi Bjarna var útnefndur Borgarlistamaður Reykjavíkur 2007 við hátíðlega athöfn í Höfða í gær.

Raggi segist alls ekki hafa átt von á að hljóta þennan heiður. „Ég var alveg gáttaður á þessu. Maður tengdi þetta við öðruvísi listamenn heldur en í þessari léttu músík en það var mjög ánægjulegt að þau skyldu gera þetta,“ segir Raggi. Hann telur að verðlaunin hafi mikla þýðingu, bæði fyrir sjálfan sig og fólkið í landinu. „Við höfum bara svo gaman af svona músík. Við syngjum þessi lög í tjaldinu, í bílnum og á pallinum og alls staðar. Þegar okkur tekst að ná svona til fólksins þá er það alveg magnað.“

Vilhjálmur Vilhjálmsson borgarstjóri afhenti Ragga verðlaunin og tók síðan lagið með Ragga ásamt Páli Óskari Hjálmtýssyni og Milljónamæringunum. Sungu þeir slagarann Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig við góðar undirtektir. „Það eru ófáir Íslendingar sem hafa náð til jafnmargra og hann er enn í dag að gera það með öllum þessum lögum,“ segir Vilhjálmur.

Raggi Bjarna, sem verður 73 ára síðar á árinu, hefur verið einn vinsælasti dægurlagasöngvari þjóðarinnar í rúma hálfa öld. Hann söng inn á sína fyrstu plötu árið 1954 en fyrir jól er væntanleg með honum ný jólaplata sem hann vinnur í samstarfi við Gunnar Þórðarson.

Við athöfnina þakkaði Raggi fjölskyldu sinni og þeim tónlistarmönnum sem hafa spilað með honum um árin. Söng hann síðan Vorkvöld í Reykjavík með aðstoð Árna Scheving og tóku gestirnir í Höfða vel undir í viðlaginu. -fb



**RAGGI BJARNA** Söngvarinn Raggi Bjarna var útnefndur Borgarlistamaður Reykjavíkur 2007 í Höfða. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**Í BLÍÐVIÐRI Á AKUREYRI** Fjölmargir gistu á tjaldsvæði Akureyringa á Hömrum um helgina. Nokkrar óspektir voru þar aðfaranótt laugardags en rólegra í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/HREIÐAR

Bíladagar ollu vandræðum:

## Löggur kallaðir úr leyfum vegna óláta

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Akureyri þurfti að kalla út auka mannskap vegna óspekta sem fylgdu svonefndum Bíladögum sem haldnir voru í bænum um helgina. Voru lögreglumenn kallaðir til starfa úr sumarleyfum og fæðingarorlofi til að halda mannskapnum í skefjum.**

**Aðfaranótt sunnudags var þó rólegri en nóttin á undan. Tíu manns gistu fangaklefa lögreglu báðar næturnar, fyrri nóttina voru flestir færðir þangað vegna líkamsárása en þá seinni var ástæðan frekar að fólk fannst ofurölvi á víðavangi. Sjö menn voru handteknir vegna líkamsárása og auk þess þurfti lögregla að hafa afskipti af mörgum slagsmálum. Þá voru fjölmargir ökumenn voru stöðvaðir fyrir að aka of hratt. - kdk**

### RÚSSLAND

**Lestarslys**

Yfir 30 manns slösuðust þegar farþegalest lenti aftan á flutningalest í Rússlandi í gær. Tvö börn voru meðal þeirra sem slösuðust.

### LEIÐRÉTT

Ranglega var sagt í Fréttablaðinu í gær að Kristján VIII konungur hafi heimsótt landið fyrir 100 árum. Það var Friðrik VIII konungur sem kom í heimsókn árið 1907.

# Lögreglan stöðvaði fyrsta pókermótið

**Lögreglumenn stöðvuðu pókermót á föstudagskvöld og lögðu hald á verðlaunafé og spilavarning. Rökstuddur grunur var um refsivert athæfi segir aðstoðaryfirlögregluþjónn. Ekkert öðruvísi en briddsmót segir skipuleggjandi mótsins.**

**LÖGREGLUMÁL** Fyrsta opinbera pókermótið sem haldið var á landinu var stöðvað af lögreglu í fyrrakvöld. Lögregla lagði hald á verðlaunafé og spilavarning og yfirheyrði forsvarsmann mótsins. „Lögreglan hafði afskipti af þessu, stoppaði mótið og lokaði staðnum,“ segir Jón H. Snorrason, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Á milli 20 og 30 þátttakendur voru eftir af þeim 150 sem tóku þátt þegar lögreglan stöðvaði spilamennskuna.

Vefverslunin Gismo.is stóð fyrir mótinu. Sindri Lúðvíksson, forsvarsmaður mótsins, var færður til skýrslutöku hjá lögreglu og sleppt að henni lokinni. Að auki lagði lögregla hald á verðlaunafé á mótinu, um 600 þúsund krónur, auk spila og spilapeninga.

Lögreglumenn litu inn á mótið fyrr um daginn og höfðu tal af Sindra, en fóru án þess að aðhafast. Þegar mótið var langt komið kom lögreglan aftur og stöðvaði mótið.

„Þetta er talið varða við ákvæði hegningarlaga, sem banna fjárhættuspil, að standa að því eða stofna til fjárhættuspils,“ segir Jón H. Allt að eins árs fangelsisvist liggur við því að standa að fjárhættuspili, og segir Jón H. að þó nokkrir hafi verið sakfelldir fyrir að standa að fjárhættuspili á undanförnum árum.

Þáttur þeirra sem tóku þátt í mótinu er í skoðun. „Það er rökstuddur grunur um að þarna hafi átt sér stað refsivert athæfi.“

Sindri Lúðvíksson segir að afskipti lögreglu hafi komið sér á óvart, enda hafi forsvarsmenn mótsins álitið það löglegt þar sem þeir hafi ekki hagnast á því.

„Þetta er ekkert öðruvísi en briddsmót sem haldin eru þar sem fólk fær sín spil á hendi og spilar úr þeim. Þar er borgað þátttökugjald og félagið tekur hluta af því, sem við gerðum ekki,“ segir Sindri. Hann segist vonast til þess að fá til baka fé og búnað sem lagt var hald á. Skrifað hafi verið niður hver staðan hafi verið á mótinu, og því mögulegt að halda áfram spilamennsku verði niðurstaða lögreglumálsins skipuleggjendum mótsins í hag. brjann@frettabladid.is



**PÓKERMÓT** Um 150 tóku þátt í fyrsta opinbera pókermótinu sem haldið er hérlendis á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### ÓLÍKLEGT AÐ PÓKERMÓT SÉ LÖGBROT

Afar hæpið er að kalla það sem fram fór á pókermótinu fjárhættuspil í laganna skilningi, enda borgaður aðgangseyrir og keppt um verðlaunafé eins og tíðkast í ýmsum íþróttum, segir Brynjar Níelsson hæstaréttarlögmaður. Því sé ólíklegt að lögbrot hafi verið framið á pókermótinu.

„Þetta fyrirkomulag er alþekkt í öllum íþróttum, það getur ekki verið bannað bara af því að það er verið að spila póker eða eitthvað annað spil,“ segir Brynjar.

Hann bendir á að peningaverðlaun séu veitt í ýmsum greinum; bridds, skák og fleiru. Þar fái sigurvegarinn verðlaunafé sem sé tekið af þeim aðgöngueyri sem þátttakendur greiði.

Hótelstjóri Sögu til Spron:

## Klámráðstefnan ekki ástæðan

**HÓTEL „Ég hef bara verið á Hótel Sögu í níu ár og fannst tími til kominn að ég myndi finna mér annan starfsvettvang og að hótelið fengi annan karl í brúna,“ segir Hrönn Greipsdóttir, sem nýlega sagði upp starfi sínu sem hótelstjóri á Hótel Sögu. Mikill styr varð í kringum hótelið í febrúar vegna fyrirhugaðrar ráðstefnu klámmyndaframleiðanda. Bændasamtökin, eigendur hótelsins, tóku í kjölfarið ákvörðun um að meina hópnum að koma. Hótelið greiddi svo ráðstefnuhópnum samtals fimm milljónir í bætur.**



HRÖNN GREIPSDÓTTIR

**Hrönn segir þá uppákomu þó ekkert hafa með ákvörðun hennar að gera. „Bændur eru bestu vinnuveitendurnir en ég hlakka til að hefja störf á nýjum vettvangi,“ segir Hrönn sem tekur til starfa sem framkvæmdastjóri SPRON Factoring í ágúst. - kdk**

Sjálfsmorðsárás í Afganistan:

## Svíar sluppu með skrekkinn

**SVÍÞJÓÐ, AP** Tveir óbreyttir borgarar fórust og að minnsta kosti tólf til viðbótar særðust þegar sjálfsmorðsárás var gerð á sænska bílalest NATO í norðurhluta Afganistans.

Árásin átti sér stað í afgönsku borginni Mazar-i-Sharif en Svíar reka bækistöðvar NATO rétt fyrir utan borgina. Maðurinn sem gerði árásina hélt lífi og var fluttur á sjúkrahús. Að sögn sænska hershöfðingjans Mats Danielsson særðist enginn hermaður NATO í árásinni. -fb






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ÁFRAM RÓLEGHEIT**

Það verður ekki vindinum fyrir að fara þennan daginn. Hægviðri er að sjá nær alls staðar auk þess sem bjart verður með köflum mjög víða. Hætt er þó við smáskúrum vestan til á landinu en eins og þetta lítur út er um hverfandi úrkomu að ræða. Næstu dagar verða á rólegu nótunum og víðast úrkomulaust en þó eru horfur á úrkomu norðvestan til á miðvikudag.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Hæg vestlæg eða breytileg átt. Skýjað með köflum. Hiti 9-12 stig.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 21°C léttskýjað | London | 19°C skúrir | Friedrichshafen | 26°C skúrir |
| Billund | 20°C skúrir | París | 23°C skúrir | Basel | 26°C skúrir |
| Osló | 21°C léttskýjað | Eindhoven | 22°C skúrir | Alicante | 28°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 20°C léttskýjað | Frankfurt | 25°C skúrir | Algarve | 23°C léttskýjað |
| Gautaborg | 19°C skúrir | Berlín | 23°C rigning | Las Palmas | 25°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is

# LYKILLINN AÐ GÓÐU SUMRI

Frábært tilboð á
Betri notuðum RAV4.
18. - 20. júní.



**Dagana 18. – 20. júní eru RAV4 tilboðsdagar hjá BNB.** Öllum **RAV4** árgerð 2005 og eldri fylgir gisting fyrir fjóra í sjö nætur á Edduhótelunum og bensínkort að andvirði 75 þúsund.










Þessa daga höfum við opið á Nýbýlaveginum til kl. 19.00
og aðrir umboðsaðilar hafa opið til kl. 18.00.

**Vertu í sólskinsskapi og njóttu alls þess sem
Ísland hefur upp á að bjóða í sumar.**

hotel edda
www.hoteledda.is

*__Með hverjum bíl fylgir__ bensínkort að andvirði 75.000 kr. á Shellstöðvum hringinn í kringum landið.

**__Með hverjum bíl fylgir__ gisting í tveggja manna herbergi (f. 2 fullorðna og 2 börn, 12 ára og yngri) með morgunverði á einhverju af Edduhótelunum. Gildir sumarið 2007.



BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL | GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 38019 06/07

## KJÖRKASSINN



*Er rétt að gera ökutæki þeirra sem aka langt yfir hámarkshraða upptæk?*

| | |
|---|---|
| Já | 80,8% |
| Nei | 19,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Tókst þú þátt í hátíðahöldum vegna 17. júní?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Fálkaorðan veitt á Bessastöðum fyrir hin ýmsu störf:

# Riddarakross fyrir störf í þágu sjúkra

**FÁLKAORÐAN** Tíu Íslendingar voru sæmdir riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í gær. Á meðal þeirra sem verðlaunaðir voru var Guðjón Sigurðsson, formaður MND samtakanna, fyrir störf að málefnum sjúklinga. „Þetta er mikill heiður fyrir mig að taka á móti þessari viðurkenningu en ég vil þó meina að þó að ég geymi krossinn eigi margir aðrir í honum,“ sagði Guðjón.

Fálkaorðan er að jafnaði veitt tvisvar á ári, 1. janúar og 17. júní. Svokölluð orðunefnd fer yfir umsóknir og metur hverjum sæmir að verða heiðursins aðnjótandi - kdk



**ORÐUHAFAR** Riddarakrossinn var veittur fyrir hin ýmsu störf. Meðal annars fyrir frumherjastörf í þágu fatahönnunar, húsgagnaiðnaðar, ferðaþjónustu og störf að velferðarmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### ORÐUHAFAR

**Ásgeir J. Guðmundsson** iðnrekandi, Reykjavík.
**Áslaug Sigríður Alfreðsdóttir** hótelstjóri, Ísafirði.
**Björn R. Einarsson** hljómlistarmaður, Reykjavík.
**Guðjón Sigurðsson** formaður MND samtakanna, Hafnarfirði.
**Guðrún Kvaran** orðabókarritstjóri, Reykjavík.
**Kristján Sæmundsson** jarðfræðingur, Reykjavík.
**Margrét Friðriksdóttir** skólameistari, Kópavogi.
**Pétur Sveinbjarnarson** stjórnarformaður Sólheima, Reykjavík.
**Steinunn Sigurðardóttir** hönnuður, Reykjavík.
**Sverrir Hermannsson** safnamaður, Akureyri.



vodafone

Og1 fyrir tilvonandi fjölskyldur

Heimasími, GSM, og Internet – allt á einum stað

Viltu geta hringt heim úr GSM símanum þínum í allt að 60 mínútur á dag án þess að greiða mínútugjald? Vertu með Heimasíma, GSM og Internet fjölskyldunnar í Og1 – og sparaðu bæði tíma og peninga.

Farðu á **www.vodafone.is**, komdu við í verslun okkar eða hringdu í **1414** og skráðu þína fjölskyldu í **Og1**.

Gríptu augnablikið og lifðu núna


# Þjóðhátíð fagnað í blíðskapaveðri

**Fjölmenni var í miðborg Reykjavíkur og hélt upp á þjóðhátíðardag Íslendinga.**

**ÞJÓÐHÁTÍÐ** Hátíðahöldin á 17. júní gengu víðast hvar vel fyrir sig. Í gær voru sextíu og þrjú ár frá því að íslenska þjóðin öðlaðist formlega sjálfstæði frá Dönum. Veður var með skaplegasta móti um allt land, ólíkt fyrsta þjóðhátíðardeginum árið 1944 en þess dags er ekki aðeins minnst vegna sjálfstæðisbaráttunnar heldur einnig fyrir að vera einn eftirminnilegasti rigningardagur þjóðarinnar.

Samkvæmt venju hófust hátíðahöldin í Reykjavík með því að blómsveigur var lagður á leiði Jóns Sigurðssonar, sjálfstæðishetju Íslendinga, en ákveðið var að þjóðhátíðardagur Íslendinga yrði haldinn á fæðingardegi hans. - kdk



**BRUGÐIÐ Á LEIK Í HLJÓMSKÁLAGARÐINUM** 17. júní er ekki síst í hávegum hafður meðal yngri borgara þessa lands. Undanfarin ár hefur mörgum þeirra þótt ómissandi að fá andlitsmálningu í tilefni dagsins. Eins og sjá má á þessari mynd kjósa sumir þjóðlega málningu en aðrir vilja fremur líkjast villidýrum frá framandi löndum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**FJALLKONAN FRÍÐ** Fjallkonan hefur komið fram í skautbúningi við hátíðahöld á 17. júní frá árinu 1944. Fjallkonan var fyrst nefnd í kvæði Bjarna Thorarensen, Eldgamla Ísafold, og hefur hún síðan verið algengt tákn í íslenskum skáldskap og listum. Leikkonan Sólveig Arnardóttir þótti sóma sér afar vel í búningi fjallkonunnar umkringd ungum skátum.



**SKJÓTUM UPP FÁNA, SKÆRT LÚÐRAR HLJÓMA** Fánar og lúðrablástur vekja alltaf upp ást á föðurlandinu. Fyrir mörgum er skrúðgangan á 17. júní, þar sem fánar og skærir lúðrar gegna mikilvægu hlutverki, ómissandi á þessum degi.



**LÖGREGLAN Í HÁTÍÐARBÚNINGI** Þeir voru óneitanlega glæsilegir lögregluþjónarnir sem mættu niður á Austurvöll í hátíðarbúningi lögreglunnar.



**LITIÐ YFIR MANNFJÖLDANN** Litla hnátan í þjóðbúningnum hafði líkast til best útsýni allra á Austurvelli þegar þessi mynd var tekin. Ef til vill mun minning hennar um atburðinn verða jafn skýr í huga hennar og upptakan sem þjóðhátíðargestur náði af henni.

SÝNDU TILÞRIF - SÝNDU HÆFILEIKA - SÝNDU METNAÐ

KVIKA

# FANGAÐU AUGNABLIKIÐ með OLYMPUS®

OLYMPUS
3ja ára ábyrgð
ORMSSON



**OLYMPUS E-510**
**Double Zoom kit**
10.0 milljón pixlar
Live View á 2,5" skjá
Hristivörn í vél
"Dust Reduction System"
- rykfríar myndir
***Með 14–42 mm og 40–150 mm linsum***
**Verð : 92.500 kr.**



**OLYMPUS E-410**
**Double Zoom kit**
10.0 milljón pixlar
Live View á 2,5" skjá
"Dust Reduction System"
- rykfríar myndir
***Með 14–42 mm og 40–150 mm linsum***
**Verð : 82.500 kr**



**OLYMPUS Mju 760**
7,1 milljón pixlar
Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár
3x aðráttarlinsa (37-111mm)
Nett og veðurvarið málmhús
Dual hristivörn
og aukin ljósnæmni
**Verð : 26.900 kr**



**OLYMPUS FE-210**
7,1 milljón pixlar
3x aðráttarlinsa (38-114mm)
Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár
15 handhægar tökustillingar
Notar AA rafhlöður
**Verð : 14.900 kr**

# Nikon GERÐU KRÖFUR
Í FÓKUS
## – VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR



**NIKON D80**
10,2 milljón pixla CCD myndflaga
3 rammar á sekúndu
Hraður 11 punkta sjálfvirkur fókus
ISO 100-1600 (3200 með boost)
18-135mm linsa fylgir
**Verð : 134.900 kr.**



**NIKON D40x**
10.2 milljón pixla CCD myndflaga
3 rammar á sekúndu
2,5" LCD skjár
Hraður 3 punkta sjálfvirkur fókus
ISO 100-1600
Lokara hraði 30–1/4000
18-135mm Nikon DX linsa fylgir
**Verð: 104.800 kr.**



**NIKON S500**
7.1 milljón pixlar
Mjög fljót að kveikja á sér,
eintaklega fljót að smella af
3 x aðdráttur í linsu
(tilsvarandi 35-105mm á filmuvél)
VR hristivörn
2,5" LCD skjár
Hús úr ryðfríu stáli
**Verð : 35.900 kr.**



**NIKON S200**
7.1 milljón pixlar
3 x aðdráttur í linsu
(tilsvarandi 38-114mm á filmuvél)
VR hristivörn
2,5" LCD skjár
Rafhlaðan endist í um 230 myndir
**Verð : 29.900 kr.**

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT · WWW.ORMSSON.IS



Nikon OG OLYMPUS®
ERU ÁN EFA TVEIR AF VIRTUSTU
MYNDAVÉLAFRAMLEIÐENDUM HEIMS.

ORMSSON

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON RADIONAUST-AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | ORMSSON BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK SÍMI 480 1160 |

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hver var kjörinn borgarlistamaður Reykjavíkur?
2. Hvaða rithöfundur hlaut bresku riddaraorðuna?
3. Hver var fjallkonan í Reykjavík?

SVÖRIN ERU Á BLS 38

### Salman Rushdie sæmdur breskri riddaraorðu:

# Íranar fordæma bresk stjórnvöld

**ÍRAN, AP** Íranar hafa gagnrýnt bresk stjórnvöld harðlega fyrir að veita rithöfundinum Salman Rushdie riddaraorðu. Mohammad Ali Hosseini, talsmaður íranska utanríkisráðuneytisins, telur að orðuveitingin sýni hræðslu Breta við islömsk trúarbrögð. „Að gefa einhverjum orðu sem er á meðal hötuðustu persóna í islömsku samfélagi sýnir hversu breskir yfirmenn eru andvígir islam,“ sagði Hosseini. Bætti hann því við að með því að sýna Rushdie þennan heiður hefðu Bretar fallið mjög í áliti hjá islamstrúarmönnum. Utanríkisráðuneyti Bretlands vísar gagnrýninni á bug og segir Rushdie eiga heiðurinn fyllilega skilinn.



**SALMAN RUSHDIE** Rithöfundurinn umdeildi fékk riddaraorðuna í Bretlandi.

Skáldsaga Rushdie, Söngvar satans, olli miklu fjaðrafoki hjá múslimum víða um heim þegar hún kom út árið 1988. Árið eftir lýsti Ayatollah Khomeini, leiðtogi Írans, Rushdie réttdræpan fyrir „guðlast“ sitt gagnvart spámanninum Múhammeð. Var sú yfirlýsing dregin til baka tíu árum síðar af írönskum stjórnvöldum. Sneri Rushdie þá til baka úr tíu ára útlegð.

Rushdie, sem er 59 ára, hefur gefið út þrettán skáldsögur sem hafa flestar fengið mjög góða dóma og fjölda verðlauna. -fb

### Gat ekki keypt gullúr á milljón:

# Stal opinberum stofnanastimpli

**DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur maður hefur í Héraðsdómi Suðurlands verið dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir margvísleg þjófnaðarbrot.**

**Í fyrra stal maðurinn opinberum stimpli úr afgreiðslu Útlendingastofnunar og veggföstum seðlaskipti með 103 þúsund krónum. Þá reyndi hann að nota stolið greiðslukort til að kaupa gullúr á rúma milljón króna, en hvarf frá eftir synjun á kortinu. Þess í stað keypti hann 70 þúsund króna úr í annarri verslun og þrjá radarvara, samtals fyrir hundrað þúsund krónur. Maðurinn er margdæmdur. - sh**

Sumartilboð Vildarþjónustunnar

Osló, Stokkhólmur og Gautaborg með Iceland Express aðeins 19.900,-

með sköttum

Tilboðið er bókanlegt frá 15. - 30. júní og er ferðatímabilið 15. - 15. júlí

www.spar.is

Iceland Express

SPARISJÓÐURINN Vildarþjónusta

# Tvær stjórnir segjast við völd í Palestínu

**Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, skipaði nýja ríkisstjórn í gær. Hamas-leiðtoginn Ismail Haniyeh segir nýju stjórnina ólöglega og að hann sé enn við völd.**

**VESTURBAKKINN, AP** Forseti Palestínu, Mahmoud Abbas, skipaði í gær nýja palestínska ríkisstjórn sem Hamas-samtökin eiga ekki aðild að. Abbas beitti tilskipun til að ógilda lög sem kveða á um að þing þurfi að staðfesta skipun ríkisstjórnar en Hamas-samtökin hafa meirihluta á þingi.

Þrír dagar eru síðan hann rak Hamas-leiðtogann Ismail Haniyeh úr embætti forsætisráðherra eftir að Hamas lögðu undir sig Gazaströndina. Jafnframt leysti hann upp þjóðstjórn Hamas og Fatah sem mynduð var fyrir þremur mánuðum.

Haniyeh, sem hefur hafnað þessum tilskipunum forsetans, lýsti yfir að hin nýja ríkisstjórn væri ólögleg og að hann væri enn við völd.

Nýja stjórnin er að mestu skipuð óháðum og er leidd af Salam Fayyad sem nýtur mikillar virðingar. Fayyad lagði í ræðu sinni í gær áherslu á að nýja stjórnin væri fulltrúi Palestínumanna á Vesturbakkanum jafnt og á Gaza. Palestínumenn gera tilkall til þess að bæði svæðin tilheyri palestínsku ríki en innbyrðis átök hafa sett það markmið í hættu.



**NÝ RÍKISSTJÓRN** Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, tekur í höndina á nýskipuðum forsætisráðherra, Salam Fayyad. NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríkin, Evrópusambandið og hófsöm arabaríki hafa lýst yfir stuðningi sínum við Abbas eftir atburði síðustu daga. Talið er líklegt að stuðningsyfirlýsingunum muni fylgja efnahagsaðstoð erlendra ríkja en hún hefur legið niðri í fimmtán mánuði, allt frá því að Hamas-menn komust til valda í þingkosningunum.

Ísrael og Bandaríkin hafa bæði lýst yfir að þau hyggist styðja við Abbas og um leið einangra Hamas sem þau skilgreina sem hryðjuverkasamtök. Ísrael og Egyptaland hafa lokað landamærum sínum að Gaza og Ísraelar hafa hætt flutningi á eldsneyti til Gaza nema til orkuvera. Skortur á vörum er þegar farinn að gera vart við sig með hækkun vöruverðs. sdg@frettabladid.is




Mercedes-Benz ML-Class 280 CDI, verð: 6.370.000 kr. með Íslandspakka*

Þú getur verið viss um gæðin

Mercedes-Benz ML-Class er jeppi sem slær samkeppnisaðilunum við hvað varðar gæði, glæsileika og öryggi. Í boði eru þrjár bensínvélar og þrjár dísilvélar. Sú nýjasta, V8 420 CDI dísilvélin, er sannkallað tækniundur sem skilar 306 hestöflum. Hröðun frá 0 og upp í 100 km er aðeins 6,5 sekúndur og togið er ótrúlegt, 700 Nm. Þrátt fyrir þetta er meðaleyðsla bílsins aðeins 11,1 lítrar á hverja 100 km.

ASKJA er eini viðurkenndi umboðsaðili Mercedes-Benz á Íslandi.

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is

*Hiti í framsætum, dökkar filmur í rúðum og aftengjanlegt dráttarbeisli.


DREPTU Í
HALTU Í NEISTANN
Nicotinell
PRÓFAÐU **NICOTINELL** NIKÓTÍNTYGGIGÚMMÍIÐ.
FÆST MEÐ ÁVAXTA-, MINTU-, LAKKRÍS- OG NIKÓTÍNBRAGÐI.
Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Leita skal til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.
www.lyfja.is
LYFJA
- Lifið heil
LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

www.poulsen.is
Bílavarahlutir
Bremsudiskar og klossar
Poulsen partur af lífinu
Poulsen Skeifan 2
Sími: 530 5900 - www.poulsen.is

BÓNUS
Bónus í Stykkishólmi
Almenn verslunarstörf
Okkur í Bónus í Stykkishólmi vantar einstakling til starfa við áfyllingu og við almenn verslunarstörf. Gott er að viðkomandi sé góður í mannlegum samskiptum og þrífist vel í krefjandi umhverfi.
Áhugasamir þyrftu að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknum má skila til verslunarstjóra eða á bonus.is.

Smart og létt á fæti
heilsteypt glös á tilboðsverði
Á tilboði í júní 2007
heilsteypt rauðvínsglös, hvítvínsglös, bjórglös, kampavínsglös og sérríglös

Þórunn Helga Kristjánsdóttir, sölumaður hjá RV
1.925 kr. 12 stk. Imperial 42 cl rauðvínsglös
854 kr. 6 stk. Maldive 36 cl bjórglös
1.341 kr. 12 stk. Imperial 19 cl hvítvínsglös
1.579 kr. 12 stk. Imperial 23 cl hvítvínsglös
1.757 kr. 12 stk. Imperial 31 cl hvítvínsglös
Rekstrarvörur - vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
25 ára Rekstrarvörur 1982–2007
Tilboðið gildir út júní 2007 eða meðan birgðir endast.
TUNGLIÐ RV62368

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Kjarnorkuviðræður ganga vel:

# Eftirlit til N-Kóreu

**PEKING, AP** Vonir standa til að eftirlitsmenn Alþjóðlegu kjarnorkustofnunarinnar heimsæki Norður-Kóreu fljótlega. Viðræður á milli Bandaríkjanna og Norður-Kóreu hafa gengið vel að undanförnu og hafa Norður-Kóreumenn nú boðið eftirlitsmönnunum til landsins.


**CHRISTOPHER HILL** Christopher Hill segir að enn sé mikið verk fyrir höndum í kjarnorkudeilunni við Norður Kóreu.

Að sögn Christopher Hill, fulltrúa Bandaríkjanna í kjarnorkumálum, er þó enn mikið verk fyrir höndum, sérstaklega eftir að viðræður strönduðu í nokkra mánuði vegna deilna um frysta peningasjóði Norður-Kóreu. „Þetta er skref í rétta átt. Vonandi verður þessu fylgt vel eftir með enn fleiri skrefum,“ sagði Hill.

Fimm ár eru liðin síðan Norður-Kórea rak eftirlitsmenn Alþjóðlegu kjarnorkustofnunarinnar, sem starfar á vegum Sameinuðu þjóðanna, úr landinu. -fb


**BAKSLAG Í RÉTTINDABARÁTTU SAMKYNHEIGÐRA** Hrafnkell Tjörvi segir að varasamt sé að draga miklar ályktanir strax en atvikin séu áhyggjuefni. Bakslag hafi orðið í öðrum löndum, slíkt megi ekki henda hér.

# Ofbeldi gegn hommum nú alvarlegra

**Alvarlegar árásir á samkynhneigða eru fleiri en verið hefur í langan tíma. Framkvæmdastjóri Samtakanna ´78 segir málið áhyggjuefni.**

**RÉTTINDAMÁL** „Af þeim upplýsingum sem við sjáum frá lögreglunni eru fleiri dæmi um alvarlegt ofbeldi gagnvart hommum og trans-gender fólki en við höfum séð í langan tíma,“ segir Hrafnkell Tjörvi Stefánsson, framkvæmdastjóri Samtakanna ´78.


**HRAFNKELL TJÖRVI STEFÁNSSON**

Um er að ræða alvarlegt ofbeldi en Hrafnkell bendir á að enn sé of snemmt að dæma um hvort aukningin sé marktæk þar sem ofbeldi hafi almennt aukist í samfélaginu. Um alvarlegar árásir sé að ræða á skömmum tíma og því sé nauðsynlegt að vera á verði.

Eitt alvarlegasta afbrotið átti sér stað í fyrrasumar. „Þá reyndi 16 ára piltur að myrða 25 ára karlmann sem hann hafði kynnst á spjallrás fyrir homma. Að sögn piltsins „langaði hann að prófa að drepa mann“ og hafði hann farið gagngert inn á spjallrás til að „veiða homma“ þar sem hann taldi að þeir væru „auðveld bráð“ segir Hrafnkell og vitnar til piltsins.

Í nóvember sl. var svo ráðist á mann við Öskjuhlíð. Hann var á ferð í bíl sínum þegar fjórir menn stöðvuðu hann, spurðu hvort hann væri hommi og réðust svo á hann og veittu honum alvarlega áverka í andliti og missti hann fjórar tennur. Samkvæmt heimildum Samtakanna ´78 hafa fréttir af tveimur svipuðum árásum við Öskjuhlíð borist til félagsins þó ekki sé vitað hvort þær árásir hafi verið kærðar til lögreglu.

Á nýársnótt var ráðist á tvo menn sem voru á leið á dansleik Samtakanna ´78. Segir Hrafnkell að svívirðingar hafi verið kallaðar til þeirra og þeim svo misþyrmt.

„Nýjasta dæmið er frá því í febrúar en þá reyndi karlmaður að myrða unga trans-gender konu,“ segir Hrafnkell. Hann furðar sig á fjölmiðlaumfjöllun um málið og þykir sem látið hafi verið sem um spaugilegt atvik hefði verið að ræða og þolandi árásarinnar hafi sumpart verið gerður ábyrgur fyrir ofbeldinu. „Slík umfjöllun viðgekkst um ofbeldi gagnvart hommum hér á landi fyrir nokkrum áratugum. Það líðst ekki í dag,“ segir Hrafnkell.

„Það er varasamt að draga of stórar ályktanir en þessi atvik eru virkilegt áhyggjuefni. Við höfum orðið vitni að bakslagi í réttindabaráttu samkynhneigðra í öðrum löndum og verðum að vinna að því að það gerist ekki hér,“ segir hann.

karen@frettabladid.is

Skilorð fyrir árás á lögreglu:

# Hrækti framan í lögreglukonu

**DÓMSMÁL** **Hálfþrítugur maður hefur í Héraðsdómi Suðurlands verið dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir árás á tvo lögregluþjóna.**

**Maðurinn hrinti lögreglukonu um koll þar sem hún var við skyldustörf í heimahúsi, þannig að hún tognaði og marðist. Síðan hrækti hann framan í hana. Þá sló hann lögreglumann hnefahöggi í andlitið, beit hann í höndina og reyndi ítrekað að skalla hann.**

**Maðurinn játaði sök. Honum hefur verið refsað sex sinnum áður, einu sinni fyrir fíkniefnabrot. Hann þarf jafnframt að greiða 84 þúsund krónur í sakarkostnað.** - sh

Aðstæður erlendra kvenna við skilnað rannsakaðar:

# Ofbeldi algeng ástæða skilnaðar

**FÓLK** Mikil þörf er á því að veita erlendum konum upplýsingar og stuðning þegar þær ganga í gegnum skilnað og sambúðarslit. Þetta eru niðurstöður lokaverkefnis Paolu C. Kjærnested sem nýlega útskrifaðist sem sálfræðingur frá Háskóla Íslands.

Verkefnið heitir „Erlendar konur á Íslandi og reynsla þeirra af skilnaði eða sambúðarslitum frá sálfélagslegu sjónarmiði“. Verkefnið byggist á viðtölum við sextíu konur frá ýmsum löndum en hún segir það hafa komið sér mest á óvart hversu margar nefndu andlegt og líkamlegt ofbeldi sem ástæðu skilnaðar.

„Þrettán konur skildu vegna líkamlegs ofbeldis og fjórtán skildu vegna andlegs ofbeldis. Fyrir alla er áfall að skilja en þegar þú ert útlendingur og þekkir ekki rétt þinn og skilur ekki íslensku er álagið enn meira.“

Paola segir að konur í þessari stöðu upplifi sig oft einangraðar eftir skilnað og sögðu fjörutíu og þrjár konur af sextíu ekki hafa fengið neinn andlegan stuðning við skilnaðinn. „Afleiðingin af slíku álagi er oft kvíði og þunglyndi,“ segir Paola og leggur til að tengslanet fyrir konur í þessari stöðu verði stóraukið. - lbb



**PAOLA C. KJÆRNESTED** Hún segir nauðsynlegt að kynna erlendum konum rétt sinn við skilnað.

Skotinn með gúmmíkúlum:

# Árás á rússneskan blaðamann

**MOSKVA, AP** **Lögreglan í Moskvu, höfuðborg Rússlands, rannsakar árás sem gerð var á rannsóknarblaðamanninn Andrei Kalitin í síðustu viku.**

**Kalitin greindi lögreglu frá því að árásin kynni að tengjast rannsóknarvinnu hans vegna bókar um átök í rússneska áliðnaðinum sem kemur út í ágúst. Lögregla telur að árásarmaðurinn hafi notað gúmmíkúlur.**

**Nefnd um vernd blaðamanna, fordæmdi árásina og skoraði á rússnesk yfirvöld að upplýsa málið. Þrettán rússneskir blaðamenn hafa verið myrtir frá árinu 2000.** - sdg



**FÆÐINGARSÍRITINN AFHENTUR** Félagskonur í Thorvaldsensfélaginu afhentu starfsfólki kvennasviðs síritann.

MYND/LANDSPÍTALINN

Thorvaldsensfélagið:

# Kvennasvið fékk fæðingarsírita

**GJÖF** **Kvennasvið Landspítalans hefur fengið að gjöf fæðingarsírita og hjólaborð undir hann frá Thorvaldsensfélaginu.**

**Fæðingarsíritinn gerir konum kleift að vera tölvert á ferð í fæðingu en á sama tíma er unnt að fylgjast með hjartslætti barnsins og hríðum konunnar. Þetta eykur möguleika kvenna sem þurfa á sérstöku eftirliti að halda í fæðingu.**

**Tækið gefur einnig tækifæri til þess að konan sé í vatni meðan á hríðum stendur því nemarnir eru vatnsheldir.** - þo






## „ORÐRÉTT“

### Ástir samlyndra hjóna

**„Annars er þetta bara eins og í góðu hjónabandi, maður einblínir á það jákvæða og reynir að lifa með göllunum.“**

STEINUNNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR ALÞINGISMAÐUR UM SAMBAND GEIRS H. HAARDE OG INGIBJARGAR SÓLRÚNAR Í RÍKISSTJÓRN.

**Morgunblaðið 17. júní.**

### Drulluprammar á veiðum

**„Meginhagsmunir Íslendinga eru fólgnir í því að losna við samkeppnina við þessa drullupramma sem hafa verið að veiða hér við strendur.“**

SÆVAR GUNNARSSON, FORMAÐUR SJÓMANNASAMBANDS ÍSLANDS, UM GILDI NÝRRAR SAMÞYKKTAR ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNAR UM AÐBÚNAÐ SJÓMANNA, SEM HANN SEGIR ÞRENGJA AÐ HENTIFÁNASKIPUM.

**Fréttablaðið 17. júní.**

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** AUÐUR MAGNDÍS LEIKNISDÓTTIR, TALSKONA FEMÍNISTA

## *Málar bæinn bleikan 19. júní*

„Ég var að klára seinustu prófin mín í stjórnmála- og félagsfræði við London School of Economics og var bara að koma heim,“ segir Auður Magndís Leiknisdóttir, nýkjörin talskona Femínistafélagsins. „Núna er ég að skrifa ritgerðina mína um samþættingu kynjasjónarmiða í atvinnustefnu stjórnvalda á Íslandi.“

Auður segist hlakka til að takast á við starf talskonu enda sé margt framundan. „19. júní er handan við hornið og þá höldum við upp á að konur hafi fengið kosningarétt,“ segir Auður.



„Það var mjög merkilegt þegar það gerðist á sínum tíma. Við ætlum að mála bæinn bleikan og hvetjum alla til að vera með okkur og hinum kvennahreyfingunum í því. Bleiku steinarnir verða afhentir að vanda, en það verður ekki gefið upp fyrir fram hverjir fá þessi hvatningarverðlaun.

Svo ætla ég bara að fara í útilegu að njóta íslenska sumarsins. Ég hlakka til þess eftir allan stórborgarerilinn seinasta vetur.“

**AUÐUR MAGNDÍS LEIKNISDÓTTIR**

## TRAMPÓLÍN
### SKEMMTILEGA SLYSAGILDRAN

■ Trampólín þekktust fyrr á öldum meðal Inúíta á Grænlandi og Norður-Ameríku, en þeir notuðu rostungshúð til að fleygja félögum sínum upp í loftið og grípa þá aftur. Nú á dögum eru trampólínin betur hönnuð og vekja gríðarlega lukku meðal barna. Þó verður að gæta fyllsta öryggis. Varast ber að ætla sér of mikið og aðeins einn ætti að hoppa í einu.



Hraðlestur til styrktar börnum:

# Námskeiðsgjöld greiða fyrir heimavist í Úganda

Þriggja vikna hraðlestrarnámskeið hófst í Hraðlestrarskólanum í síðustu viku og er námskeiðið sérstakt fyrir þær sakir að öll námskeiðsgjöld renna óskipt til ABC-barnahjálpar. Markmið söfnunarinnar er að byggja heimavist fyrir 200 stúlkur í Úganda.

„ABC-barnahjálp hefur unnið frábært og gífurlega óeigingjarnt starf undanfarin ár víðsvegar um heiminn og erum við bara þakklát fyrir að fá að taka þátt í því“, segir Jón Vigfús Bjarnason skólastjóri Hraðlestrarskólans.



**BÖRN Í ÚGANDA** ABC barnahjálp hefur unnið gott starf í Úganda sem Hraðlestrarskólinn vill styrkja.

Til þess að ná að reisa heimavistina í Úganda þurfti að safna einni milljón íslenskra króna og tókst það með sölu gjafabréfa á námskeiðið.

**- þo**

SÉRFERÐIR



Stokkhólmur
Sólstöðuferð til Feneyja Norðurlanda
20.–24. júní

Express Ferðir bjóða upp á frábæra ferð til Stokkhólms, vatnaborgarinnar fögru, við sólstöður sem er fallegasta tímabil sumarsins.

Ferðalýsing

Dagur 1: Komið til Stokkhólms, rúta á hótelið. Frjáls dagur, góður tími til að kynnast umhverfinu og kíkja í búðir.

Dagur 2: Taka daginn snemma, bóka sig í siglingu um eyjarnar, jafnvel út í Drottningarhólm eða kíkja á VASA-safnið, Skansensafnið/dýragarðinn, Gamla Stan og upplagt að enda daginn í Grona Lunds Tivoli.

Dagur 3: Boðið upp á val milli þriggja skoðunarferða, Nóbelsferðarinnar, Konungaslóða eða Víkingaslóða. Allar frábærar ferðir.

Dagur 4: Afslöppun, verslunarleiðangrar, e.t.v. heimsókn á flóamarkaðinn við Östermalm Saluhall og út að borða, Stokkhólmur er frægur fyrir góð veitingahús.

Dagur 5: Veglegur morgunverður, rúta og flug heim.

Verð á mann í tvíbýli
61.500 kr.

Innifalið: Flug báðar leiðir ásamt sköttum, rúta til og frá flugvelli, gisting á Comfort Hotel Stockholm í fjórar nætur.

» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100




**KRISTJÁN JÓN** Var hjá Steinsmiðju S. Helgasonar um áratugaskeið. Þar kviknaði hugmyndin að Edensgarðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Garður er granna sættir

**Kristján Jón Guðnason, 64 ára gamall starfsmaður hjá Íslandspósti, hefur mikinn áhuga á teiknimyndasögum. Hann teiknar sjálfur og á dögunum gaf hann út teiknimyndasöguna Edensgarðurinn.**

„Þessi saga hafði blundað í mér í nokkur ár,“ segir Kristján Jón um Edensgarðinn. Sagan fjallar um unga konu sem hefur farið villur vegar í lífinu og lent á upptökuheimili fyrir unglinga. Þegar hún losnar þaðan hvetur sálfræðingur hana til að snúa við blaðinu og fer með kínverskt spakmæli sem segir að vilji menn verða hamingjusamir út ævina skulu þeir rækta garð. Stúlkan ákveður að gera svo, finnur sér reit í einu af hrörlegri hverfum borgarinnar. Fljótlega berst henni óvæntur liðsauki þegar nágrannar hennar, flestir af erlendu bergi brotnir bjóðast til að leggja hönd á plóg.

Kristján segir hugmyndina að sögunni hafa kviknað þegar hann vann hjá Steinsmiðju S. Helgasonar í Kópavogi. „Ég vann þar í 33 ár. Dag einn sagði vinnufélagi minn þetta spakmæli: „Ef þú vilt vera hamingjusamur í einn dag skaltu kaupa vínflösku. Ef þú vilt vera hamingjusamur í eitt ár skaltu kvænast. En ef þú vilt vera hamingjusamur alla ævi, þá skaltu rækta aldingarð.“ Í fyrravor réðst ég svo í að teikna þessa sögu og lauk við hana á um tveimur mánuðum.“ Garðræktin er tákn samvinnu segir Kristján og um það fjallar sagan. „Grunnhugmyndin er að vinna saman og sætta ólíkar þjóðir. Persónurnar koma frá ólíkum löndum og öðrum þræði fjallar bókin um fjölmenningarsamfélagið sem er að verða til á Íslandi.“

Edensgarðurinn er önnur teiknimyndasagan sem Kristján gefur út. Sú fyrri hét Óhugnaleg pláneta og kom út árið 1993. Hann var í Handíðaskólanum frá 1961 til 1964 og lærði líka í Listiðnaðarskólanum í Ósló. Þótt hann hafi lengst af unnið í steinsmiðjunni og nú í seinni tíð hjá Íslandspósti hefur Kristján ávallt gefið sér tíma fyrir list sína. „Ég á nokkrar sögur í sarpinum og er að vinna að einni núna, sem ég gef kannski út seinna.“




**EDENSGARÐURINN** Sagan fjallar í grunninn um samvinnu og að sætta ólíkar þjóðir.

Kristján gefur bókina út sjálfur. „Það er langbest. Þetta er ekki það mikið fyrirtæki, kostar á bilinu sjötíu til áttatíu þúsund.“

Aðeins voru gefin út sextíu eintök Edensgarðinum og má nálgast þau í verslunum Pennans og Nexus. Sjálfur kveðst Kristján lesa mikið af teiknimyndasögum. „Mér finnst þó skemmtilegra að fletta listaverkabókum en sögum af ofurhetjum. Mér finnast sögurnar um Spiderman til dæmis ekki góðar en hafði þó gaman af kvikmyndunum.“

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Opnum eftir miklar breytingar

## Glæsileg opnunartilboð

**Hlífðar-dýna og Bella Donna Aloe Vera lak fylgja með**




Tempur Spring, hin margrómaða heilsudýna á frábæru júnítilboði
**King (193x203) kr. 199.900,-**
**Cal King (183x213) kr. 199.900,-**
**Queen (153x203) kr. 174.900,-**



Full verslun af nýjum teppasettum
skrautpúðum og glæsilegum sængurverum

Stillanlegt og þægilegt



2 Infinity stillanlegir botnar • 2 Infinity heilsudýnur • Króm lappir og Infinity gafl
**Opnunartilboð kr. 309.900,-**



Queen opnunartilboð
Queen Stærð 152x203 cm • Chiro Deluxe heilsudýna • Bólstraður leðurbotn og lappir
**Opnunartilboð kr. 119.900,-**

Áttu von á gestum? Aldrei meira úrval



**SENSEO SVEFNSÓFI 160 / 209x95cm – SENSEO SVEFNSÓFI 140 / 187x95cm – Margir litir**

15 sekúndur

Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og sjáðu glæsilegan sýningarsal okkar fullan af nýjum svefnsófum.

Svefnsófar með heilsudýnu og MicroFiber áklæði í mörgum litum og stærðum.

**Betra BAK**

**Reykjavík**
**Faxafeni 5**
**Sími 588 8477**

**Ísafirði**
**Skeiði 1**
**Sími 456 4566**

**Akureyri**
**Tryggvabraut 24**
**Sími 462 1410**

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Jákvætt að leysa um úrelt form Eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga.

## Völdin eiga að fylgja eigin eign

HAFLIÐI HELGASON SKRIFAR

Slit Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga og afhending eignarhluta til tugþúsunda tryggingataka sem tryggðu hjá félaginu á árum áður er afar jákvætt skref og til sóma þeim sem að því stóðu.

Þær breytingar sem orðið hafa á hagkerfinu undanfarin ár hafa leyst úr læðingi mikinn sköpunarmátt og fjármuni. Ekki verður annað sagt en að þar hafi í tilviki Samvinnutrygginga tekist afar vel að ávaxta annarra manna fé. Rökin gegn því rekstrarformi sem þarna verður lagt niður eru að slíkur rekstur fari smám saman að snúast um lykilstjórnendur og klíku í kringum þá. Algengt er að laun í slíkum félögum verði hærri en í einkareknum félögum, enda þrýstingur um hagnað frá hluthöfum ekki fyrir hendi. Slík var raunin, en með kaupréttarsamningum og ótrúlegum árangri margra íslenskra hlutafélaga hafa lykilstjórnendur notið kjara sem voru utan skynsviðs fyrir örfáum árum.

Almennt hafa viðhorf í rekstri þróast frá samvinnurekstrarformi og öðrum félagslegum rekstrarformum yfir í einkarekstur. Ástæðan er einföld. Vandræðin byrja þegar miklir fjármunir verða til og eignarhald er óskýrt. Frá því að fyrsta kaupfélagið var stofnað í Laxárdal í Þingeyjarsýslu hefur mikið vatn runnið til sjávar. Kaupfélögin lyftu í upphafi grettistaki í að færa samfélög frá fátækt til bjargálna. Tíminn er hins vegar miskunnarlaus og flest kaupfélögin horfin nú. Sömu sögu má segja um sparisjóðina sem nú leita leiða til að finna sér raunverulega eigendur. Takist ekki að breyta rekstrarformi þeirra munu þeir verða undir í samkeppni við stærri banka og hverfa með tíð og tíma.

Við slit Eignarhaldsfélagsins Samvinnutryggingar verður til sterkur sjálfseignarsjóður með tíu milljarða í eigið fé. Þeim sjóði verður ætlað að úthluta til samfélagsverkefna arði af fjárfestingum sínum. Þessum sjóði munu fylgja talsverð völd í viðskiptalífinu og eðlilegast að markmið hans til lengri tíma verði skynsamleg eignadreifing í samræmi við skilgreinda fjárfestingarstefnu.

Alþingi kom á sínum tíma í veg fyrir að slíkur sjóður, sem í dag væri líklega talsvert stærri en Samvinnutryggingasjóðurinn, yrði til með kaupum Kaupþings á SPRON. Þar stjórnuðust þingmenn af tvennu. Annars vegar öfund í garð þeirra sem myndu græða á viðskiptunum og hins vegar valdapólitík heimahaganna sem snerist um sparisjóðina á hverjum stað. Reykvíkingar misstu af þessum sökum af sjóði sem gæti úthlutað milljarði árlega til menningar og líknarmála um ókomin ár. Sorgleg skammsýni það.

Það er vonandi að þeir sem nú sýna þann þroska að leysa upp úrelt eignarhald, haldi áfram á sömu braut og færi sjóðinn frá aktívum fjárfestingum. Eðlilegast er að í hinu nýja hlutafélagi myndist á endanum kjölfesta sem ráði för í krafti eigin fjárfestingar, en ekki í gegnum völd í sjálfseignarstofnun. Eðlilegt er að gefa mönnum tíma til að ná fram þeirri breytingu í áföngum.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hefðbundin hátíð

Á Hólavöllunum koma íbúar margir saman þegar forseti borgarstjórnar setur krans á leiði Jóns Sigurðssonar og frú Ingibjargar kl. 10 að morgni sautjánda. Margir koma fótgangandi í garðinn, aðrir berjast við að finna stæði sem eiga lengra að.
Allt um kring eru leiði mektarmanna frá nítjándu öldinni: Herdís Benediktsen í Flatey er rétt norðan við þau. Bóndi hennar og börnin öll sem þau misstu svo ung hvíla fyrir vestan. Það er alltaf helgi yfir þessari stund. Fuglarnir þagna í virðingarskyni við mannfjöldann sem kemur í Hólavallagarð stutta morgunstund. Hann gengur síðan niður á Austurvöll.



### Biðin langa.

Þar bíður hann og bíður og bíður. Í nær heila klukkustund. Stjórnleysingjarnir eru mættir og langi lögregluþjónninn úr Vestmannaeyjum stikar um stéttina. Borgarfulltrúi laumast inn í þinghúsið. Hann er seinn og vill aldrei þessu vant ekki að nokkur sjái sig. Svo hefst lengsta skemmtiatriðið á 17. júní. Ráðherrar, þingmenn, borgarfulltrúar, fulltrúar erlendra ríkja koma í röð og koma sér í sæti undir stjórn Benna Ægis.
Hátíðahöldin á Austurvelll 17. júní eru steinrunnin athöfn. Þau eru forneskjuleg í meira lagi og þar á ekkert að koma á óvart. Bara að fjallkonunni væri gefið nýtt ljóð á hverju ári.



### Búðarleikur

Í gjánum umhverfis er verið að blása lofti í þjóðlífið: stórar tjaldvöðlur liggja á götunum og yfir bogra háttlaunaðir verkamenn þennan daginn við að koma loftköstulum upp fyrir sölur dagsins.
Þar sem básar eru risnir eru ungliðar komnir til starfa reiðubúnir í veitingasölu til styrktar félagsstarfinu. Forvitnir ferðamenn mynda óspart athafnasemi eyjarskeggja af ásækinni forvitni.
Brátt verður allt fullt hér af fólki sem annars hefur ekki sótt í miðbæinn síðan á jólaföstu. Næst koma borgarbúar í bæinn á menningarnótt.

pbb@frettabladid.is

# Helguvík í heimanmund

Í VG er hvergi jafn næm tilfinning fyrir æðaslætti samfélagsins og í fingurgómum félaga Ögmundar. VG hefði ekki tapað helmingi af fylginu, sem flokkurinn hafði náð upp úr áramótum, ef forystan hefði ekki ýtt honum til hliðar í kosningabaráttunni. Hann hefði örugglega komið í veg fyrir feigðarflan hins „femíníska“ formanns sem gat ekki hugsað sér að konan Ingibjörg Sólrún yrði forsætisráðherra. VG væri þá að öllum líkindum í ríkisstjórn í dag en ekki áttavillt á pólitísku hjarni eilífrar stjórnarandstöðu.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

**Í DAG** | Stefnur VG

*Flækjustig VG nálgast svo hið óleysanlega þegar rýnt er í afstöðu formanns VG. Í dag er hann, eins og margir góðir Samfylkingarmenn, andstæðingur virkjana í neðri Þjórsá. Þó eru ekki liðin tvö ár síðan Steingrímur lýsti þeim sem mjög eðlilegum og hagkvæmum virkjanakostum.*

### Þrjár stefnur VG

Ögmundur er snjallasti áróðursmaður VG. Þess vegna er það nú hlutverk hans að reyna að líma saman brotin, og leiða athyglina frá þeirri kreppu sem forysta VG bjó flokknum með því að koma í veg fyrir græna velferðarstjórn. Í þeim tilgangi hefur þingmaðurinn birt hér í blaðinu greinaflokk þar sem ný ríkisstjórn er sökuð um að hafa ekki þegar spyrnt lagalegum fæti við virkjunum í Þjórsá, og áformum um álver í Helguvík. Það blæs sem sagt öðruvísi í ból Ögmundar en á þeim dögum sem hann greiddi, tiltölulega nýr þingmaður, atkvæði með stækkun í Straumsvík. Það eru þó skiljanleg veðrabrigði sem hann þarf ekki að skýra.

Hins vegar ætti Ögmundur að íhuga að taka upp í greinaflokk sinn skýringar á því, hvernig afstaða VG til einstakra virkjana og stóriðjuvera hefur sveiflast til og frá síðustu árin – allt fram á síðustu vikur – þannig að ekki er nokkur leið að átta sig á hver afstaða flokksins er í raun. Mig rak þannig í rogastans að heyra nýjan þingmann VG, Árna Þór Sigurðsson, lýsa yfir á sumarþinginu, að hann hefði á sínum tíma stutt orkuöflun á óröskuðum svæðum af því orkuna átti að nota á Grundartanga. Afstaða hans til álvera virðist m.a. fara eftir því hvar þau eru staðsett. Annar þingmaður VG, Kolbrún Halldórsdóttir, er hins vegar á móti öllum álverum. Þriðji þingmaðurinn, sjálfur formaðurinn, mælti í upphafi kosningabaráttunnar fyrir algeru stoppi, breytti því svo í fimm ára stopp, og loks niður í þriggja ára stopp. Hver þessara þriggja mismunandi skoðana gæti hugsanlega verið stefna VG? Hér hefur félagi Ögmundur framtíðarverkefni fyrir höndum.

### Helguvík fyrir ríkisstjórn

Flækjustig VG nálgast svo hið óleysanlega þegar rýnt er í afstöðu formanns VG. Í dag er hann, eins og margir góðir Samfylkingarmenn, andstæðingur virkjana í neðri Þjórsá. Þó eru ekki liðin tvö ár síðan Steingrímur lýsti þeim sem mjög eðlilegum og hagkvæmum virkjanakostum. Orðrétt sagði formaður VG: „Neðri virkjanirnar í Þjórsá eru mjög hagkvæmar vegna þess að þær nýta alla miðlunina sem fyrir er ofar í Þjórsársvæðinu. Núpavirkjun og síðan Urriðafossvirkjun eru að vísu ekki án umhverfisfórna. Það þarf vissulega að fara vel yfir það, en að breyttu breytanda eru þær mjög eðlilegur virkjunarkostur áður en menn ráðast í ný og óröskuð svæði.“

Hámarki náði vingulshátturinn þegar Steingrímur J. Sigfússon biðlaði til Sjálfstæðisflokksins um myndun ríkisstjórnar í hádegisviðtali við Stöð 2 nokkrum dögum eftir kosningar – og bauð Helguvík í heimanmund. Fréttamaður spyr Steingrím hvort VG muni hvika frá kröfum sínum um stopp á stóriðju. Áður en haninn nær að gala einu sinni er formaður VG búinn að kasta stefnunni út í hafsauga og svarar, orðrétt: „...við förum alltaf í allar viðræður með það að markmiði að reyna að ná sem allra mestu fram en það þýðir ekkert að fara fyrirfram með ultimatum, með úrslitakosti inn í slíkar viðræður, þá geta menn alveg eins sleppt því.“

Fréttamaðurinn skynjar á augabragði hvað felst í yfirlýsingu formanns VG, og spyr að bragði hvort Helguvíkurálver gæti sloppið í gegn? Það stendur ekki á svari hjá hinum stefnufasta formanni VG: „Ef að þannig er að það er ekki tæknilega og lagalega hægt að stoppa hana, nú þá standa menn frammi fyrir slíku.“ Þetta getur enginn maður skilið öðru vísi en svo, að formaður VG var reiðubúinn að mynda ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum án þess að gera kröfu um að álver í Helguvík yrði stöðvað með sérstökum lögum.

Er þetta ekki efni í nýjan greinaflokk fyrir félaga Ögmund?

# Laumufarþegi á vorþingi

UMRÆÐAN

Verkalýðsmál



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Eitt af málunum sem var til umfjöllunar á hinu stutta vorþingi var hið undarlega frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands. Útkoman úr stjórnarmynduninni er sú neyðarlega niðurstaða að fjöldi ráðherrastóla helst óbreyttur. Afraksturinn, hvað fækkun ráðuneyta snertir, er sá einn að slá Hagstofuna af sem sjálfstætt ráðuneyti.

Þetta skýrist að sjálfsögðu af þeirri praktísku þörf við stjórnarmyndunina að búa til sjötta ráðuneytið handa Samfylkingunni eftir að Sjálfstæðisflokkurinn hirti til sín bæði heilbrigðis- og landbúnaðarráðuneytin en lét aðeins samgönguráðuneytið til baka. Var þá valin sú stórbrotna leið að saga ráðherrastólinn í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu í tvennt. Á öðrum helmingnum situr Össur Skarphéðinsson en á hinum Björgvin G. Sigurðsson. Þetta er þeim mun neyðarlegra þegar haft er í huga, að iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið var fyrir eitt minnsta ráðuneyti stjórnarráðsins. En nú róa þeir sem sagt upp á hálfan hlut, með u.þ.b. 15 menn undir sér hvor, Össur og Björgvin.

Miklu alvarlegi voru þó ákvæði frumvarpsins, sem við stjórnarandstæðingar kölluðum „laumufarþegann“ í málinu, þ.e.a.s. 3. gr. um að afnema skyldu til að auglýsa störf innan Stjórnarráðsins. Með því er verið að auka svigrúm ráðherra til að hrókera fólki að eigin geðþótta. Stærstu heildarsamtök opinberra starfsmanna, BSRB og BHM, lögðust eindregið gegn þessu ákvæði og sendu harðorðar umsagnir um málið til Alþingis. Ríkisstjórnin kaus að hafa þær að engu. Þannig hefjast samskipti ríkisstjórnar, með aðild Samfylkingarinnar, við stéttarfélögin. Hörð mótmæli þeirra við þessari grundvallarbreytingu eru virt að vettugi. Voru þó rökin m.a. að þetta yki svigrúm til ómálefnalegra ráðninga og gæti reynst sérstaklega skeinuhætt konum. Frumvarpið fæli m.ö.o. í sér afturför í jafnréttisbaráttunni sem torveldað gæti möguleika kvenna til eðlilegs framgangs í starfi innan Stjórnarráðsins og er þó sú staða nógu slæm fyrir.

Þetta upphaf samskipta ríkisstjórnarinnar og stéttarfélaga er einkar athyglisvert, séð í ljósi þess að Samfylkingin er annar af tveimur ríkisstjórnarflokkum.

*Höfundur er formaður Vinstri grænna.*

# TILBOÐ

## CANON iP4300
9600dpi

**CHROMALIFE 100**
Ný tækni sem tryggir betri gæði á útprentun og myndirnar halda sömu gæðum í 100 ár

**9600dpi UPPLAUSN**
Ótrúleg upplausn sem ásamt PIXMA og FINE tækninni skilar einstökum ljósmyndagæðum

**5 STÖK HYLKI**
5 sjálfstæð hylki fyrir hámarksnýtingu allra lita og fullkomna ljósmyndaprentun

**PRENTAR Á CD/DVD**
Prentar í ljósmyndagæðum beint á CD/DVD. Setjið bara diskinn í CD/DVD bakkann

**FULL BLÆÐING**
Prentar í fullum gæðum út á jaðar pappírs allt að A4, prentar einnig sjálfvirkt báðu megin (Duplex)

**HAGKVÆMUR**
Hagkvæmur í rekstri enda er gott verð á öllu Canon bleki og stök hylki fyrir hvern lit

**VERÐ 12.900**

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 17,5%.

## 120GB FERÐA HÝSING

Western Digital

**120GB PASSPORT 2**
120GB Scorpio harður diskur frá Western Digital sem er 5400RPM og með 8MB buffer

**2.5" FERÐAHÝSING**
Glæsileg svört Western Digital Passport 2, USB2 ferða-hýsing tilbúin til notkunar

**WESTERN DIGITAL**
Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu hörðu diskarnir í dag á enn betra verði en áður

**VERÐ 12.900**

## 500GB HÝSING

FRÁ 580 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

Western Digital

500GB My Book er glæsileg svört hýsing frá Western Digital, sem kveikir og slekkur á sér um leið og tölvan. Geymdu allar ljósmyndirnar, bíómyndirnar og alla tónlistina á einum stað

**VERÐ 19.900**

## MINNISKORT
CORSAIR
1GB Secure Digital minniskort frá Corsair með lífstíðar ábyrgð. Geymir allt að 1100 ljósmyndir í góðum gæðum
**VERÐ 3.990**

## MINNISKORT
SanDisk
2GB SD Plus minniskort og USB2 minnislykill frá SanDisk auðveldar þér að koma ljósmyndunum þínum í tölvuna
**VERÐ 6.990**

## PS ELEMENTS
Adobe Photoshop Elements 4.0
Adobe Photoshop Elements 4.0 Frábært myndvinnsluforrit til að vinna og skipuleggja ljósmyndirnar
**VERÐ 9.990**

## MYNDA FLAKKARI
Sarotech
Sarotech Cutie Photo Storage Flakkari Settu myndirnar beint inn á hýsinguna án þess að nota tölvu • USB 2.0
**VERÐ 14.900**

Canon PP-101 4x6 Photo paper Plus, 20 arkir — **VERÐ 990**

Canon GP-501 4x6 Glossy Photo Pappír, 100 arkir — **VERÐ 1.490**

Canon PR-101 A4 Photo paper Pro, 15 arkir — **VERÐ 1.790**

Canon GP-401 A4 Glossy Photo Pappír, 100 arkir — **VERÐ 2.990**

10stk spindill 700MB CD-R diskar í spindli — **VERÐ 1.490**

50stk áprentanlegir diskar CD-R í spindli — **VERÐ 3.290**

25stk spindill 4,7GB 16x DVD-R eða DVD+R — **VERÐ 3.490**

50stk spindill 4,7GB 16x DVD-R eða DVD+R — **VERÐ 6.490**

# TÖLVULISTINN

| | | |
|---|---|---|
| Nóatúni 17 | Reykjavík. | ☎ 414 1700 |
| Glerárgötu 36 | Akureyri. | ☎ 414 1730 |
| Hafnargötu 90 | Keflavík. | ☎ 414 1740 |
| Miðvangi 2-4 | Egilsstaðir. | ☎ 414 1735 |

MAXIM GORKY LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1936

*„Aðeins mæður hafa vit á framtíðinni –vegna þess að þær fæða hana af sér með börnum sínum.“*

***Maxim Gorky var meðal fremstu rithöfunda tuttugustu aldarinnar, en eftir hann liggja fjölmörg leikrit og skáldsögur.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 18 JÚNÍ 1996

## *Unabomber ákærður*

Hinn 18. júní fyrir ellefu árum var Bandaríkjamaðurinn Theodore Kaczynski, hinn svokallaði Unabomber, ákærður fyrir að fremja tíu glæpi sem urðu til þess að þrír létu lífið.

Theodore þessi var fyrrverandi afburðanemandi sem hóf skólagöngu við Harvard-háskólann sextán ára og hafði þá greindarvísitölu upp á 160-170. Frá lokum áttunda áratugarins, og fram á þann níunda, sendi hann bréfasprengjur til háskóla og flugvalla víða í Bandaríkjunum sem urðu til þess að tuttugu og þrír særðust og þrír létu lífið. Theodore Kaczynski var sannfærður um að nútíma tækni og tæknivæðing heimsins yrðu mannkyninu síst til heilla. Bréfasprengjurnar sendi hann til að vekja athygli á pólitískum málstað sínum en skoðanir sínar fékk hann meðal annars birtar með hótunum í New York Times og Washington Post undir yfirskriftinni „Industrial Society and Its Future“.



KACZYNSKI

Bandaríska alríkislögreglan FBI leitaði lengi að Theodore Kaczynski.

Hann náðist 3. apríl 1996 og hafði þá alið manninn í kofa í skóglendi Montana. Kaczynski var dæmdur í lífstíðar fangelsi án möguleika á náðun. Nafngiftina „Unabomber“ fékk Theodore Kaczynski frá FBI en hún var notuð sem dulnefni og var samsett úr orðunum „university and airline bomber“. Hann afplánar dóm sinn í Federal ADX Supermax fangelsinu í Florence í Colorado-ríki og er fangi númer 04475-046.

**MERKISATBURÐIR:**

**1936** Kristján tíundi Danakonungur kom til Reykjavíkur ásamt föruneyti sínu. Hann ferðaðist meðal annars norður í land og vakti mikla athygli landsmanna.

**1955** Þrír bræður frá Hvítárbakka í Biskupstungum kvæntust þremur systrum frá Austurhlíð í sömu sveit.

**1967** Jimi Hendrix kveikti í gítarnum sínum uppi á sviði á Monterey-tónlistarhátíðinni.

**1983** Varð Sally Ride fyrsta Bandaríkjakonan til að ferðast út í geiminn.



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Kristján Pétursson**

húsasmíðameistari og formaður Félags nýrnasjúkra, Dverghömrum 18, Reykjavík, andaðist þann 30. maí. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 19. júní kl. 11:00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Félag nýrnasjúkra, s. 568-1865 (Salóme).

**Auður Thorarensen**
**Sólrún Lísa Kristjánsdóttir** **Olaf Möller**
**Garðar Kristjánsson** **Kristín Snore**
**Magnús Arnar Sveinbjörnsson** **Jófríður Ósk Hilmarsdóttir**
**Axel Örn Kristjánsson**
**Kristján Örn Kristjánsson** **Steinunn Ýr Hjaltadóttir**
**og barnabörn.**



†

*Móðir okkar, amma og langamma,*

**Vigdís Bjarnadóttir**

Jörfabakka 6 Rvk.

verður jarðsungin frá Langholtskirkju þriðjudaginn 19. júní kl. 13:00

**Þorgeir Ingvarsson** **Guðrún Þorgeirsdóttir**
**Margrét Ingvadóttir** **Kristinn Guðmundsson**
**börn og barnabörn**



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Steingrímur Helgi Atlason**

fyrrv. yfirlögregluþjónn, Hjallabraut 43 Hf.

sem lést 6.júní sl. verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju miðvikudaginn 20 júní kl 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Blindrafélag Íslands og Félag krabbameinssjúkra barna.

**Einar Steingrímsson** **Steinunn Halldórsdóttir**
**Atli Steingrímsson** **Erla Ásdís Kristinnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma, dóttir, systir og frænka,*

**Jónfríður Valdís Bjarnadóttir**

Mosabarði 15, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 12. júní sl. Útför verður frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 22. júní kl. 15.00.

**Kristófer Bjarnason**
**Róbert Örn Kristjánsson**
**Elsa Esther Kristófersdóttir** **Bárður Þór Sveinsson**
**Alexandra Ýr**
**Bjarni S. Kristófersson** **Gunnþóra Rut Bragadóttir**
**og aðstandendur.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

**SJÖTTI HÓPURINN ÚTSKRIFAST FRÁ HR:** HLÝDDU Á HANNES SMÁRASON

# Munu láta verkin tala

Fyrr í þessum mánuði útskrifuðust 52 nemendur með MBA-viðskiptafræðipróf, frá Háskólanum í Reykjavík. Þetta er í sjötta sinn sem MBA-nemar eru brautskráðir frá Háskólanum í Reykjavík og voru rúmlega 300 aðstandendur útskriftarnemanna viðstaddir hátíðlega athöfn.

Hátíðarræðumaður var Hannes Smárason, forstjóri FL Group.

Í erindi sínu lagði Hannes áherslu á að atvinnulíf hérlendis og fyrirtæki eins og FL Group, ættu mikið undir því að íslenskir háskólar efldu tengsl við erlenda háskóla og atvinnulíf. Þannig yrði best tryggt að sú þekking sem nemendur afla sér í námi yrði atvinnulífi til hagsbóta. Sem dæmi um slíkt samstarf nefndi hann nýlegan samstarfssamning Háskólans í Reykjavík við Massachusetts Institute of Technology og á sviði orkurannsókna og verkfræðimenntunar og þá áherslu í MBA-náminu við skólann að fá til liðsinnis erlenda prófessora frá fremstu háskólum utan Íslands.



**ÚTSKRIFTARHÓPUR** Þessi frækni hópur mun brátt ganga til liðs við RUMBA, en það er félagsskapur fyrrverandi MBA-nema við Háskólann í Reykjavík.

Háskólinn í Reykjavík hefur lýst því yfir að þar leggi fólk metnað sinn í að bjóða upp á alþjóðlegt MBA-nám sem jafnast á við það sem best gerist í heiminum. Námið er markvisst borið saman við fremstu háskóla í Evrópu og Norður-Ameríku og áhersla lögð á nútímalegar og skilvirkar kennsluaðferðir sem skila nemendum hagnýtri þekkingu og færni. Þar fer öll kennsla fram á ensku og rúmlega 2/3 kennara koma frá erlendum skólum á borð við IESE Viðskiptaháskólann í Barcelona, London Business School, Insead og Boston University.

Nemendurnir sem útskrifuðust núna með MBA-viðskiptafræðipróf, eru þar með orðnir meðlimir í félagsskap um 250 fyrrverandi MBA-nema frá Háskólanum í Reykjavík sem kallast RUMBA. Þessi viðbót við RUMBA gerir félagsskapinn enn öflugri, en nemar frá Háskólanum láta nú verkin tala í öllum geirum atvinnulífsins.

Næsta haust hefst áttunda starfsár MBA-námsins við Háskólann í Reykjavík með inntöku nýs hóps nemenda. Aðsókn í námið hefur aukist mjög síðustu ár og aldrei verið meiri, en vel á annað hundrað umsóknir bárust fyrir lok umsóknarfrests sem þýðir að tveir til þrír eru um hvert sæti.

**-mhg**

# Sólstöðuganga um Öskjuhlíð

Sumarsólstöður eru fimmtudaginn næstkomandi 21. júní. Þá mega allir sem vilja og geta taka þátt í rólegri sólstöðugöngu um Öskjuhlíð í Reykjavík en gangan er orðin árlegur viðburður.

Á sumarsólstöðum er lengsti dagur ársins og stysta nóttin. Um hádegisbil verður sól hæst á lofti árið 2007. Síðan tekur dag að stytta á ný og hádegissól að lækka smám saman.

Árleg sólstöðuhátíð seinni tíma hér á landi hófst með sólstöðugöngu frá Þingvöllum til Reykjavíkur 21. júní 1985. Síðan voru gengnar ár hvert ýmsar leiðir í nágrenni höfuðstaðarins á sumarsólstöðum og einnig hefur vetrarsólstöðum verið fagnað með ýmsum hætti. Undanfarin ár hefur verið látið nægja að ganga stóran hring um Öskjuhlíð.



**SÓLARUPPRÁS** Öskjuhlíð og Perluna ber við morgunsól. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þeir sem ætla sér í gönguna skulu mæta klukkan átta um kvöldið norðan við Perluna en gangan tekur rúmlega tvo tíma og endar sunnan við Perluna.






# Klezmernámskeið á Siglufirði

Heimstónlistarhljómsveitin Andromeda4 frá Boston verður á Þjóðlagahátíðinni sem haldin er á Siglufirði 4. til 8. júlí. Sveitin heldur tónleika og kennir auk þess tveggja daga námskeið í klezmertónlist eða gyðingatónlist en jiddíska orðið klezmer er notað yfir danstónlist gyðinga.

Áhersla verður lögð á að fólk geti spilað tónlistina eftir eyranu. Læri hvern-ig laglínur eru stíliseraðar með skreytingum, litbrigðum í nótum, og „krekths“ sem þýðir kjökur eða grátur.

Öll hljóðfæri koma til greina á þessu námskeiði þó aðallaglínuhljóðfærin í klezmertónlist séu klarinett og fiðla.

Námskeiðinu lýkur með stuttum tónleikum á hátíðinni. Nánari upplýsingar um Þjóðlagahátíðina á Siglufirði og námskeiðin á henni má finna á siglo.is/festival.



**ANDROMEDA4** Heldur námskeið í gyðingatónlist á Siglufirði.

**Þýskar álkerrur**



fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.

**N1** Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

**Hvað er að frétta?**

Beint í farsímann
eða í vefpósti_




www.visir.is




Elísabet Gunnarsdóttir stendur fyrir opnun Laser Tag-aðstöðu á Salarvegi 2 um næstu mánaðamót ásamt eiginmanni sínum Gylfa Sigurðssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Laser Tag endurvakið

***Nýr Laser Tag-salur verður opnaður um næstu mánaðamót.***

„Þetta er skotleikur sem fer fram inni í völundarhúsi og gengur út á að hæfa andstæðinginn með ljósgeislabyssu. Honum svipar til leikja eins og litabolta og M-16, fyrir utan að vera innan dyra. Auk þess sem maður fær ekkert í sig, nema ljósgeisla og þá í sérstakt vesti,“ segir knattspyrnuþjálfarinn Elísabet Gunnarsdóttir, sem hefur ásamt eiginmanni sínum Gylfa Sigurðssyni, endurvakið Laser Tag á Íslandi eftir fjögurra ára hlé.

Að sögn Elísabetar verður tekið á móti einstaklingum jafnt sem hópum, sem hægt verður að sækja með rútum í eigu fyrirtækisins. Gildir þá einu hvort um óvissuferðir, hópefli, gæsun eða steggjun er að ræða. „Síðast en ekki síst er vel tekið á móti börnum, enda er þetta ekki hættulegur leikur þótt leikfangabyssur komi við sögu. Hér verður meira að segja hægt að slá upp afmælisveislum, þar sem þar til gerð herbergi verða í boði,“ segir Elísbet hress í bragði.

Leikurinn fer fram í 400 fermetra rými, sem er þar með hið stærsta fyrir Laser Tag á Norðurlöndunum og eitt hið stærsta í Evrópu, þar sem Laser Tag nýtur mikilla vinsælda. „Til marks um það eru starfsræktir sérstakir Laser Tag-klúbbar um víða veröld og sérstök mót haldin, þar sem bestu leikmenn frá hverju landi etja kappi,“ segir Elísabet og útilokar ekki að efnt verði til slíkrar keppni hérlendis í náinni framtíð.

Auk Laser Tag-salarins verður húsnæðið, sem er 800 fermetra stórt, útbúið billjarðstofu þar sem menn geta spilað og horft á fótboltaútsendingar í beinni. „Síðan er ætlunin að koma upp líkamsræktaraðstöðu, þar sem stílað verður inn á einkaþjálfun. Að ógleymdu draugahúsi, sem verður opnað í haust. Annars vil ég sem minnst segja að sinni,“ bætir Elísabet við, leyndardómsfull í bragði.

*roald@frettabladid.is*


**Þannig er mál með vexti ...**



... að það er hægt að létta greiðslubyrðina.

VEXTIR FRÁ AÐEINS **3,4%**

Miðað við myntkörfu 4, Libor-vextir 23.4.2007.

Reiknaðu út hvernig greiðslubyrði þín lækkar á www.frjalsi.is eða hafðu samband í síma 540 5000.

SAMANBURÐUR Á LÁNUM

| | MYNTKÖRFULÁN *** | BLANDAÐ LÁN ** | ÍBÚÐARLÁN |
|---|---|---|---|
| LÁNSUPPHÆÐ | 20.000.000 | 20.000.000 | 20.000.000 |
| VEXTIR | 4,0% * | 4,4% * | 5,0% |
| GREIÐSLUBYRÐI**** | 66.500 | 100.800 | 96.600 |

* M.v. 1. mánaða Libor vexti 23.04.2007. ** 50% íbúðarlán/50% erlent lán í CHF og JPY.
*** Vextir á erlendri myntkörfu ráðast af veðsetningu og myntsamsetningu og eru á bilinu 3,4% til 4,5% m.v. myntkörfu 4.
**** Mánaðarlegar afborganir fyrsta árið, lánstími 40 ár, einungis greiddir vextir af myntkörfuláninu fyrstu þrjú árin, án verðbóta eða gengisbreytinga.

FRJÁLSI

Fíton/SÍA

**Vísindamenn** í Bandaríkjunum þróa nú vélmenni sem gæti auðveldað blindum að ferðast um í stórum byggingum, verslunum og á flugvöllum. Vélin notar radíóbylgjur og leisergeisla til að komast leiðar sinnar.






# Enn koma nýir símar frá Sony

***Sony hefur sett á markaðinn nýja síma. Hægt er að fá síma sem geymt getur 8.000 lög, einn með 5,0 megapixla myndavél og annan með GPS-tæki.***

Starfsmenn Sony-fyrirtækisins eru varla búnir að raða síðustu símagerðunum í hillurnar þegar nýjar gerðir eru komnar úr framleiðslu. Eins og alltaf lofar fyrirtækið betri símum, fleiri notkunarmöguleikum, meira geymsluplássi og betri myndavélum.

Fremstur í flokki nýju símanna er Sony Ericsson W910i Walkman. Hann getur geymt 8.000 lög og hægt er að stjórna honum með „shake controle“. Það þýðir að mögulegt er að hrista símann í vissa átt ef spóla á áfram, í aðra ef spóla á aftur á bak og svo framvegis.

Ef 8.000 lög eru ekki nóg fyrir tónlistarþyrsta símanotendur er alltaf hægt að fá W960i sem geymt getur 9.000 lög.

Fyrir ljósmyndarana hefur Sony sett K850i á markað en hann er búinn 5,0 megapixla myndavél. Annar sími sem fylgir línunni er K530i en hann er meðal annars búinn GPS-staðsetningarkerfi sem ætti að koma sér vel þegar maður er gjörsamlega búinn að tapa áttum á djamminu. *- tg*



K530i er meðal annars búinn GPS-tækni. Bara svona ef maður skyldi villast.

Sony Walkman W910i getur geymt 800 lög.

K850i er búinn 5,0 megapixla myndavél og stórum skjá.




# Nintendo fræðir um húðina

***Nýr japanskur tölvuleikur frá Nintendo á að laða að nýjan hóp notenda.***

Nintendo-leikjatölvan mun brátt þjóna fleirum en bólugröfnum unglingum. Reyndar gætu þeir lært eitt og annað um húðumhirðu af nýjum tölvuleik sem nefnist „Dream Skincare.“ Leikurinn er ein af mörgum tilraunum forsvarsmanna Nintendo Co. til að laða að nýja notendur fyrir Nintendo DS-leikjatölvuna.



Konur eru meðal þeirra sem horft er til. Notendur tölvunnar geta skráð hitastig líkamans og þyngd daglega í tölvuna þannig að úr verði graf. Þetta „fegurðarforrit“ spyr spurninga um húðgerð og mýkt, svo og hve húðin verði fyrir miklu áreiti af sólinni og hve mikinn svefn notandinn fái.

Þá koma upp á skjáinn ýmis þjóðráð varðandi húðumhirðu. Til dæmis: „Drekktu meira vatn“ eða „borðaðu epli og engifer“.

Hvort leikurinn verði vinsæll er erfitt að spá um en sala á honum hefst í Japan í október.



## Milljón eintök seld af PS3 í Evrópu

SONY HEFUR STAÐFEST AÐ PLAYSTATION 3 HEFUR SELST Í MEIRA EN MILLJÓN EINTÖKUM Í EVRÓPU OG ÁSTRALÍU.

Samkvæmt SCEE var milljónasta eintakið selt eftir níu og hálfa viku, sem er betri árangur en Sony náði með bæði upprunalegu PlayStation-tölvunni og PlayStation 2.
Þó að PlayStation 3 hafi komið út í Japan í nóvember í fyrra þá hefur leikjavélin næstum því selst í milljónum eintaka á því svæði eða 910.737 eintök seld samkvæmt heimildum Media Create.
Þegar litið er til Norður-Ameríku kemur í ljós að sala PS3 er komin vel yfir 1,3 milljónir eintaka.




# Leiðarvísir að lettinu

***Nú er komin lausn fyrir þá sem eru með lélega blöðru.***

Sérfræðingar í San Francisco hafa hannað vefsíðu, MizPee.com, sem geymir upplýsingar um helstu almenningssalerni í borginni. Þannig að þegar manni er mál, er nóg að fara inn á síðuna í gegnum farsímann, slá inn götuheiti og finna hvar salerni er í nágrenninu.

MizPee sýnir hversu langt er til salernanna og hversu snyrtileg þau eru, sem byggist á stjörnu- eða réttara sagt klósettrúllugjöf fyrri notenda. Fimm klósettrúllur merkir þá að klósettið sé tandurhreint, en ein þýðir hins vegar að maður eigi eftir fremsta megni að varast það. Þá sést hvort aðstaða er fyrir fatlaða eða til bleiuskipta á salerninu og hvenær það er haft opið.

Sem stendur býðst aðeins farsímanotendum í San Francisco þessi einstaka þjónusta og hefur hún vakið lukku, ekki síst hjá þeim sem eru með lélega blöðru. Þó er reiknað með að hún eigi eftir að breiðast út um gervöll Bandaríkin og heiminn allan er fram líða stundir. **-rve**



Eigi maður erfitt með að halda í sér, er kannski spurning um að flytja til San Francisco. Þar er hægt að nálgast leiðarvísi yfir almenningsklósett í gegnum farsíma.






## Dýrahald

**2 sama verði og 1**
**Eukanuba maintenance Large 2x15 kg, 6.650.-**

**Eukanuba Puppy Jr. Large 2x15kg, 7.650.-**

**Annað hunda og kattafóður frá Eukanuba og Iams með 30% afslætti í júní.**

**Dýraland, Mjódd. S. 587 0711**

**Dýraland, Kringlan. S. 588 0711**

**Dýraland, Spöng. S. 587 0744**



Amerískir Cocker Spaniel hvolpar. Ættbókarf. frá HRFÍ, bólusettir og örm. Tilb. til afh. í lok júní. V. 150 þús. S. 894 0255.

8 vikna kassavanir kettlingar fást gefins. Uppl. í s. 865 3807 ef. kl. 17

## Ýmislegt




## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta




**Sjóstangveiði - Andrea**
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 898 3300. Nánari upplýsingar.www.sjostong.is, hvalalif@hvalalif.is

## Gisting

**Orlofshús á Akureyri**
Orlofshús á Akureyri, með öllum húsbúnaði til leigu, um helgar eða vikur í senn. S. 897 7613

## Fyrir veiðimenn

**Góðir maðkar**
til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu 2 herb 65 fm íbúð í Fossvogi, sérgarður. S:8650599

## Húsnæði óskast

Par óskar eftir 2ja-3ja herbergja snyrtilegri íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 869 6244.

Reyklaus hjón óska eftir að leigja íbúð með húsgögnum í eða nálægt miðbæ Reykjavíkur frá 15. til 30. Ágúst. íbúðarskipti koma til greina, hef bjarta íbúð á Manhattan. Upp: leigarvk@gmail.com

## Sumarbústaðir

Bústaðasalan á sumarbustadur.is Verð frá 4 millj. í júní. Kynntu þér málið.

## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Employment agency seeks:**
**Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.**
**- Proventus -**

**Call Joao, tlf. 864-9873**

**Hlutastörf á Pizza Hut**
**Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í hlutastörf í veitingasal og í eldhús. Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is eða hafið samband við veitingastjóra Sprengisandi 568 8088, Smáralind 533 2005, Nordica 533 2002.**

**Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára**
**Óskar eftir í bílstjórum og fólki í sal, kvöld- og helgarvinna. Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is**

**Veitingahús**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+. Upplýsingar í síma 894 0292 & 897 4433.**

**Skalli Vesturlandsvegi**
**Starfsfólk óskast í fullt starf og aukavinnu. Upplýsingar á staðnum.**

**Pylsuvagnin Laugardal**
**Vantar þig góða sumarvinnu og áframhaldandi hlutastarf í vetur? Erum að leita að öflugum einstaklingi sem getur unnið 11-17 þri-fö og aðra hverja helgi frá 11-22. Aldurstakmark er 18 ára. Starfið hentar bæði konum og körlum. Upplýsingar í síma 892 0274, (Herwig).**

**JC Mokstur**
**Óskum eftir mönnum með vinnuvélaréttindi og meirapróf. Góð laun í boði, næg vinna. Uppl. í s. 693 2607.**

**Loftorka Reykjavík.**
**Óskar eftir meiraprófsbílstjóra á vörubíl. Matur í hádeginu og heimkeyrsla. Upplýsingar í síma 565 0875.**

**Vélsmiðja í skipaþjónusu**
**Óskum eftir að ráða járniðnaðarmenn, vélvirkja og aðra starfsmenn. Tökum við nemum. Möguleiki á hlutastarfi. Upplýsingar í síma 896 2336 & 896 2335.**

Íspólska ráðningarþjónustan útvegar pólskt starfsfólk. Við erum í Póllandi og veitum aðstoð við önnur viðskipti t.d. byggingarvörur og fasteignakaup. S. 0048669587238 eða ispolska@ispolska.com

Starfsfólk óskast í sal á veitingahús í Hafnarfirði. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 699 3434 & 822 5229.

Óska eftir manni í steinsögun og kjarnaborun. Helst vanur. Uppl. í s. 659 6343

**Gröfumenn ehf.**
Óskum eftir gröfumönnum verkamönnum og bílstjórum. Góð laun í boði. Uppl. í s. 860 4431 & 860 4430 & 565 0033.

Véltækni óskar eftir að ráða steypubílstjóra. Uppl. í s. 696 8900.

Óska eftir vönum meiraprófsbílstjóra í akstur milli Rvk. og Hornafjarðar. Uppl. í s. 893 5444.

**Lagermaður**
Óskum eftir að ráða starfsmann á lager Lagerhald, útkeyrsla, tiltekt og móttaka Upplýsingar í síma 535 1300 Sigurður Einnig er hægt að senda umsóknir á sht@verslun.is Verslunartækni Draghálsi 4

Skipstjóra vantar á 10-12 tonna línu og handfærabát sem rær frá Suðurnesjum, er á handfærum núna. Umsóknir sendast á est-ice@visir.is

Trukkaþjónustan leitar eftir góðum og traustum trailer bílstjóra í afleysingar og fullt starf. Þarf að hafa reynslu. Áhugsamir sendið umsókn á trukkar@simnet.is einnig hægt að hafa samband við Hjalta í síma 616 9090.

**Ölstofa Kormáks og Skjaldar**
Vantar vana barþjóna í fasta vinnu. Einnig vantar manneskju í sal og eldhús. Ekki yngri en 20 ára. Uppl. í s. 899 4687, Una.

Er að lagfæra og breyta gömlum sumarbústað á Þingvöllum. Vantar sanngjarnan og hugyndaríkan starfsmann í júlí. Uppl. í s. 897 7798.

Starfsfólk óskast á Hjólbarðaverkstæði sem tekur líka að sér þvott og bón. Erum staddir í Hafnarfirði og Reykjavík Uppl. í s. 533 3999.

Starfskrafur óskast til útkeyrslustarfa eldri en 20 ára. Einnig óskum við eftir matreiðslumanni eða kjötiðnaðarmanni í hlutastarf. Uppl. Kjöthöllinn Skipholt 70 s. 553 1270.

**GLOBAL ICE**
Vegan aukinna verkefna óskum við eftir að ráða vanan vélamann á 14 tonna hjólavél. Uppl. í s. 660 8500, Guðbjartur.

**GLOBAL ICE**
Vegna aukinn verkefna óskum við eftir að ráða vanan trailer bílstjóra á malarbíl. Uppl. í s. 660 8500, Guðbjartur.

**GLOBAL ICE**
Óskum eftir að ráða verkamenn til ýmisa strafa. Uppl. í s. 660 8500, Guðbjartur.

Arkitekta og verkfræðistofa óskar eftir tækniteiknurum sem taka að sér verk sem verktakar. Erum með aðstöðu til leigu. S: 861 2707 og 899 2707

KOFI TÓMASAR FRÆNDA óskar eftir að ráða brosmildan og duglegan starfsm. í fullt- og hlutastarf.Uppl. á staðnum

## Atvinna óskast

**Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal**
**í eftirtalin störf : Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.**
**SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000**




Starfsfólk frá Lettlandi smiðir, verkamenn, suðumenn, ræstingafólk o.fl. S. 845 7158.

## TILKYNNINGAR

## Ýmislegt




## Einkamál




**18plús.is.**
XXX samfélag íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

## Tapað - Fundið



**Hjálp!!! Búið að stela nýja hjólinu mínu**
**Halló! Ég heiti Arnar Freyr og er 11 ára. Um daginn gaf mamma okkur 3 systkinunum ný hjól. Nú er búið að stela mínu hjóli. Það tapaðist í Efra-Breiðholti fyrir 2 vikum, það var tekið hjá kóngulóarleiktækinu hjá Fjölbraut í Efra-Breiðholti. Þetta er blátt 24" Trek strákahjól. Sætið á hjólinu mínu er af öðru hjóli. Ég sakna hjólsins mjög sárt vegna þess að nú get ég ekki lengur farið með systkinum mínum í hjólreiðatúr. Vilja þeir sem hafa einhverjar uppl. um hjólið mitt hafa samband við mömmu mína í síma 897 1551. Fundarlaun í boði!**



# Búmenn auglýsa íbúðir

## Kjóaland í Sveitarfélaginu Garði

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Suðurlandsbraut 54
108 Reykjavík
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is

www.bumenn.is

Til sölu er búseturéttur í fjórum parhúsum við Kjóaland í Garði. Um er að ræða fjórar 3ja herbergja íbúðir um 90 fm og fjórar 4ra herbergja íbúðir um 105 fm. Íbúðunum fylgir um 30 fm bílskúr. Íbúðirnar eru í byggingu og er stefnt að því að afhenda þær í júní 2008. Fyrir eiga Búmenn 36 sambærilega íbúðir við Kríu- og Lóuland í Garði.

***Umsóknarfrestur er til 2. júlí n.k.***
***Réttur til kaupa miðast við 50 ára og eldri***
***Hægt er að fá nánari upplýsingum***
***á skrifstofu félagsins í síma 552 5644 milli kl. 9-15.***





RE/MAX SENTER









# Marteinslaug
113 Grafarholt
Falleg íbúð með frábæru útsýni

**Verð: 26,7**
Stærð: 109,1
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2004
Brunabótamat: 20,200,000
Bílskúr: Bílskýli

Falleg og opin 109,1 fm útsýnisíbúð á 3.hæð í góðu lyftuhúsi. Íbúðin er með vönduðum eikarinnréttingum, gólfefnum og stæði í opinni bílageymslu. Stofan er björt og rúmgóð. Tvö rúmgóð svefnherbergi með góðum eikarfataskápum. Fataherbergi er inn af hjónaherberginu. Fallegt eldhús með rúmgóðri eikarinnréttingu. Keramik helluborð og electrolux ofn ásamt viftu yfir helluborði. Uppþvottavél í innréttingu. Tvöfaldur general electric ísskápur með klakavél fylgir. Úr eldhúsi er sérlega fallegt útsýni til Esjunnar,Úlfarsfells og víðar. Stórar suðvestur svalir.



Valdimar Jóhannesson
lögg. fasteignasali



Kitty Johansen
Sölufulltrúi
695 4161
kitty@remax.is

ÁSKRIFT: 515 6100 I VODAFONE

Nýtt!

# DISNEY CHANNEL

## Ný stöð á Fjölvarpinu




Yfir 50 erlendar sjónvarpsstöðvar á Fjölvarpinu og þú getur valið um 5 mismunandi pakka eftir því hvað hentar þér. Disney Channel og 5 aðrar stöðvar hafa bæst við í stærsta pakkann á Fjölvarpinu.

**Uppfærðu myndlykilinn þinn og sjáðu allar stöðvarnar!**

| Fjölvarp Evrópa |
|---|
| **Verð frá 1.898 kr. á mánuði** |
| Arte |
| DR1 |
| DR2 |
| ProSieben |
| Sat 1 |
| TV5 |
| ARD |
| M6 |
| Rai Due |
| ZDF |
| NRK1 |
| NRK2 |
| Polsat |
| SVT1 |
| SVT2 |
| TVE |

| Fjölvarp sport |
|---|
| **Verð frá 2.625 kr. á mánuði** |
| ESPN Classic Sports |
| Eurosport |
| Eurosport 2 |
| Extreme Sports |
| SKY news |
| Motors TV |
| Arsenal TV |
| Liverpool TV |
| Chelsea TV |
| Man.Utd TV |
| NBA TV |

| Fjölvarp allt | | |
|---|---|---|
| **Verð frá 3.165 kr. á mánuði** | ProSieben | Eurosport |
| | NBA TV Ný! | TV5 |
| Adventure One | Rai Due | Eurosport 2 |
| M6 | CNN | TVE |
| Liverpool TV Ný! | Reality Channel | Extreme Sports |
| MGM | Discovery | VH-1 |
| ARD | Sat 1 | Fox News |
| Motors TV | Discovery Civilization | ZDF |
| Arte | SKY news | Hallmark |
| MTV | DR1 | Fashion TV |
| BBC Food | SVT1 | Jetix |
| Chelsea TV Ný! | DR2 | Disney Channel Ný! |
| BBC Prime | SVT2 | CNBC |
| NRK1 | E! | National Geo. |
| BBC World | TCM | Arsenal TV Ný! |
| NRK2 | ESPN Classic Sports | Man.Utd TV Ný! |
| Cartoon Network | Travel Channel | Animal Planet |
| Polsat | Club | |

| Fjölvarp fræðsla |
|---|
| **Verð frá 1.898 kr. á mánuði** |
| Fjölvarp fræðsla |
| BBC Prime |
| BBC World |
| CNBC |
| CNN |
| Discovery Civilization |
| Discovery |
| Fox News |
| SKY news |
| Animal Planet |
| National Geo. |
| Travel Channel |
| Adventure One |
| BBC Food |

| Fjölvarp skemmtun |
|---|
| **Verð frá 1.898 kr. á mánuði** |
| BBC Prime |
| Cartoon Network |
| Club |
| E! |
| Jetix |
| Hallmark |
| MGM |
| MTV |
| Reality Channel |
| TCM |
| VH-1 |
| Fashion TV |
| Disney Channel |

Fjolvarp – heill heimur af skemmtun

## NÝTT AFSLÁTTARKERFI

M12 5%

Ein áskriftarstöð að eigin vali
**5% afsláttur af grunnverði.**
Stöð 2, Sýn eða Fjölvarp.

SILFUR M12 20%

Tvær áskriftarstöðvar að eigin vali
**20% afsláttur af grunnverði.**
Stöð 2, Sýn eða Fjölvarp.

GULL M12 25%

Þrjár áskriftarstöðvar að eigin vali
**25% afsláttur af grunnverði.**
Stöð 2, Sýn og Fjölvarp.

**M12 áskrifendur fá bestu kjörin og njóta mestu viðbótarþjónustunnar.**

| M12 áskrifendur Stöðvar 2 | M12 áskrifendur Sýnar |
|---|---|
| Stöð 2 plús | Sýn plús |
| Stöð 2 bíó | Sýn Extra 1 |
| Stöð 2 bíó plús | Sýn Extra 2 |
| Sirkus | |
| Sirkus plús | |

Peugeot Speedfight 50 AC



24

# 24 tíma leikur 10-11 og mix




**10-11 og egils MIX í samstarfi við FM957 kynna.**
Í tilefni af því að nú eru 20 verslanir 10-11 opnar allan sólarhringinn verður 10-11 með súper tilboð í júní á egils MIX. Komdu við í einni af þeim verslunum 10-11, sem opnar eru allan sólarhringinn og settu egils MIX á súper tilboði í körfuna þína. Þegar þú kemur að kassanum mun starfsmaður spyrja þig léttrar spurningar og ef þú svarar rétt, kemstu í pott sem dregið verður úr í þætti Heiðars Austmann á FM957 alla föstudaga til 30. júní.

Í verðlaun verða **25.000 kr.** matarútektir í 10-11 og í lokavikunni mun einn heppinn þáttakandi vinna sér inn glæsilega Peugeot Speedfight 50 AC vespu og hjálm frá Bernhard, fríar tryggingar hjá Sjóvá fyrsta árið, hlífðarföt frá 66° norður og kassa af egils MIX.
**Mundu, það er alltaf stutt í næstu 10-11.**

**Nú eru 20 verslanir 10-11 opnar allan sólarhringinn**

10-11 Arnarbakka, Reykjavík ][ 10-11 Austurstræti, Reykjavík ][ 10-11 Barónsstíg, Reykjavík ][ 10-11 Borgartúni, Reykjavík
10-11 Dalvegi, Kópavogi ][ 10-11 Engihjalla, Kópavogi ][ 10-11 Hafnargötu, Keflavík ][ 10-11 Hafnarstræti, Akureyri
10-11 Hjallabrekku, Kópavogi ][ 10-11 Hjarðarhaga, Reykjavík ][ 10-11 Kaupangi, Akureyri ][ 10-11 Langarima, Reykjavík
10-11 Laugalæk, Reykjavík ][ 10-11 Lágmúla, Reykjavík ][ 10-11 Leifsstöð, komusal ][ 10-11 Lyngási, Garðabæ
10-11 Melabraut, Hafnarfirði ][ 10-11 Seljavegi, Reykjavík ][ 10-11 Sporhömrum, Reykjavík ][ 10-11 Staðarbergi, Hafnarfirði

66° NORÐUR FM957 BERNHARD PEUGEOT SJÓVÁ Mix

10-11 ...alltaf opið!
www.10-11.is




## STUÐ MILLI STRÍÐA Opinbert skítkast eða málefnaleg umræða?

**ÞÓRGUNNGUR ODDSDÓTTIR ER** ÞREYTT Á ÖLLU ÞESSU FÓLKI SEM ÞARF AÐ TJÁ SIG



Undanfarin ár hefur orðið sprenging í tjáningu. Það eru allir að skrifa skoðanir sínar alls staðar. Annar hver maður heldur úti bloggsíðu, umræðuvefir eru vinsælir og margir fréttamiðlar eru gagnvirkir á þann hátt að almenningur getur skrifað athugasemdir og sagt sína skoðun á fréttum og greinum. Tjáningarfrelsið er frábært en stundum fæ ég alveg nóg.

Morgunblaðið heldur úti fjölmennu bloggsamfélagi og þegar fréttir á Moggavefnum eru lesnar má sjá hverjir hafa bloggað um þær. Í fyrstu fannst mér þetta skemmtileg nýbreytni en núna er ég orðin hundleið á þessu. Ég er líka hundleið á að lesa athugasemdir netverja við fréttir og umræðugreinar á visir.is. Ástæðan er sú að allt of oft er þetta ómálefnaleg og jafnvel dónaleg umræða. Auðvitað má fólk hafa sínar skoðanir en það er ekki viðeigandi að kalla fólk fífl og hálfvita á opinberum vettvangi eins og oft vill gerast.

Um daginn var lítil stúlka nærri drukknuð í sundlaug. Fjölmargir blogguðu um þá frétt á Moggablogginu og sleggjudómana vantaði ekki. Dónalegar athugasemdir á borð við „Hvað var móðirin að hugsa!!!“ blöstu við þeim sem fóru inn á fréttavefinn.

Það sama var uppi á teningnum þegar bifhjólamaður slasaðist alvarlega í slysi eftir ofsaakstur. Í athugasemdum um fréttina á Vísi mátti sjá setningar á borð við „Þetta var gott á hann“ og einn Moggabloggari skrifaði að það væri synd að hann hefði bara hálsbrotnað en ekki drepist.

Þótt menn sýni vítavert gáleysi er ekki rétt að hlakka yfir óförum þeirra. Maður gerir það kannski í laumi en er endilega þörf á að auglýsa þá skoðun á mest lesna vef landsins?

Kannski tekur það okkur nokkur ár að venjast þessu aukna tjáningarfrelsi. Það er frábært að geta komið skoðunum sínum á framfæri á svona auðveldan máta en gleymum því ekki að aðgát skal höfð í nærveru sálar.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# Framúrskarandi styrkur

**Úthlutað var í fyrsta sinn úr Minningarsjóði Kristjáns Eldjárns gítarleikara á dögunum. Viðurkenninguna hlaut Kristinn H. Árnason gítarleikari.**

Minningarsjóður Kristjáns Eldjárns gítarleikara var stofnaður af ættingjum hans, vinum og samstarfsmönnum eftir að hann lést 22. apríl 2002 tæplega þrítugur að aldri eftir nær tveggja ára erfið veikindi. Sjóðnum er ætlað að veita framúrskarandi tónlistarmönnum viðurkenningu.

Fjáröflun til sjóðsins hefur síðan staðið yfir. Hún byggist fyrst og fremst á frjálsum framlögum og sölu minningarkorta, auk þess sem sjóðurinn hefur aflað fjár með því að gefa út hljómdisk og bók. Diskurinn „Ljóð, hljóð og óhljóð“ með tónlist Kristjáns við ljóðalestur föður hans, Þórarins Eldjárns, kom út 2003 og í fyrra stóð sjóðurinn að endurútgáfu á þýðingu Kristjáns Eldjárns forseta á Max og Mórits eftir Wilhelm Busch. Vorið 2003 þegar ár var liðið frá andláti Kristjáns voru haldnir veglegir minningartónleikar í Íslensku óperunni þar sem fram komu fjölmargir tónlistarmenn og rann allur ágóði til sjóðsins.



STYRKUR TIL FRAMÚRSKARANDI TÓNLISTARMANNA Kristinn H. Árnason gítarleikari er fyrsti listamaðurinn sem fær úthlutað úr sjóðnum. Hann tekur hér við viðurkenningunni úr höndum Unnar Söru Eldjárn. Með þeim á myndinni er afi hennar Þórarinn Eldjárn. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



KRISTJÁN ELDJÁRN GÍTARLEIKARI

Gert er ráð fyrir að unnt verði að veita verðlaun úr sjóðnum annað hvert ár í fyrstu en árlega í framtíðinni.

Kristján Eldjárn hóf ungur gítarnám í Tónmenntaskóla Reykjavíkur og Tónlistarskólanum í Reykjavík og nam loks í Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar hjá Einari Kristjáni Einarssyni og lauk þaðan burtfararprófi 1996. Jafnframt lagði hann stund á rafgítarleik við djassdeild Tónlistarskóla FÍH og lauk burtfararprófi þaðan 1995. Á árunum 1997-98 stundaði hann framhaldsnám í klassískum gítarleik í Turku í Finnlandi undir handleiðslu finnska gítarleikarans Timo Korhonens og lauk þaðan einleikara- og kennaraprófi.

Kristján kenndi um skeið við ýmsa tónlistarskóla en starfaði fyrst og fremst sem hljóðfæraleikari og tónsmiður. Á árunum 1996-2000 hélt hann á annan tug einleikstónleika víða um land og fjölda skólatónleika. Hann kom fram með fjölda hljómsveita og hópa hér heima og erlendis, má þar nefna Stuðmenn, Caput-hópinn, finnsku hljómsveitina Giant Robot og finnsk-íslenska dúettinn Helvík. Hann lék inn á fjölmargar hljómplötur, sá um útsetningar og stjórnaði upptökum. Hann samdi og/eða lék tónlist við ótal leikverk, danssýningar, kvikmyndir, sjónvarpsþætti og auglýsingar.

Kristinn H. Árnason lauk burtfararprófi frá Tónskóla Sigursveins árið 1983. Hann stundaði framhaldsnám í Bandaríkjunum, Bretlandi og á Spáni. Hann hefur komið fram á mörgum tónleikum hérlendis sem erlendis, gert upptökur fyrir hljóðvarp og sjónvarp og leikið inn á marga hljómdiska. Hann hefur hlotið Íslensku tónlistarverðlaunin, verið tilnefndur til Menningarverðlauna DV, og fengið starfslaun listamanna.

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR
LADDI 6-TUGUR
Mið 20/6 kl. 20 UPPS. Fim 21/6 kl. 20 UPPS. Fös 22/6 kl. 20 UPPS.
Lau 23/6 kl. 20 UPPS. Sun 24/6 kl. 20 UPPS. Fim 28/6 kl. 20 Síðustu sýningar
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Árshátíð - Brúðkaup - Ferming - Erfidrykkja - Afmæli - Fundur - Ráðstefna - Átthagakvöld - Sýning

Treystu fagfólki fyrir þínu teiti

Teiti Veisluþjónusta Broadway



Teiti veisluþjónusta - Ármúla 9 Reykjavík - Sími 5331100

Veislu- og fundaþjónusta með 30 ára reynslu
Teiti Veisluþjónusta er eitt framsæknasta fyrirtæki landsins í veisluhaldi fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Umsjón með árshátíðum, brúðkaupum, fermingum, erfidrykkjum, afmælum, fundum, ráðstefnum og öðrum viðburðum.

Glæsilegir, fallegir, stílhreinir og vel búnir salir
Á Broadway er ein best búna aðstaða á landinu. Sérhannað stórglæsilegt húsnæði sem tekur allt að 1100 manns, eitt stærsta dansgólf landsins, fullkominn sviðsbúnaður og frábærir skemmtikraftar skapa kjöraðstæður fyrir notalega og eftirminnilega veislu.



ÁSBYRGI
Glæsilegur veislusalur með sérinngangi fyrir 70 til 200 manna viðburði. Hlýlegur og notalegur salur skreyttur málverkum, speglum og með bar og eigið hljóðkerfi.

NORÐURSALUR
Fallegur salur með sérinngangi sem hentar vel fyrir 80-200 manna fundi, ráðstefnur, brúðkaup, fermingar og aðra viðburði. Í salnum er svið og hljómkerfi.

Stúkusalir KSÍ við Laugardalsvöll
Teiti veisluþjónusta býður upp á stílhreina, glæsilega og vel útbúna veislusali fyrir 60 til 600 manna viðburði í nýju stúkuhúsi KSÍ á Laugardalsvelli.



FUNDA- OG VEISLUSALIR MEÐ STÚKUGLUGGA
Á efstu hæð eru tveir 130 manna og tveir 50 manna veislu- og fundarsalir. Salirnir eru stílhreinir og glæsilegir með skjávarpa, hljóðkerfi og þráðlausu internet sambandi. Á hæðinni er einnig notaleg setustofa með leðursófum.

TVEIR 300 MANNA VEISLUSALIR Á FYRSTU HÆÐ
Tveir 300 manna veislu-, funda- og ráðstefnusalir eru á fyrstu hæð og jarðhæð. Öðruvísi og spennandi umhverfi.

Fullkomið hátæknieldhús og fyrsta flokks hráefni



Teiti veisluþjónusta er með einn nýjasta og fullkomnasta eldunarbúnað á landinu. Færanlegir steikarofnar og hitaheldnir diskar á sérútbúnum vögnum tryggja ljúfengan og heitan mat. Besta hráefni á hverjum tíma og fagfólk með mikla reynslu fullkomnar síðan matargerð og framsetningu.

Fagleg matargerð sem snertir bragðlaukana



Faglegt listafólk dekrar við smáatriðin í eldhúsinu og leggur metnað í bragð sem hentar kröfuhörðum bragðlaukum. 30 ára reynsla fagfólks tryggir síðan alúðlega og framúrskarandi þjónustu.

ÚRVAL VEISLUMATSEÐLA
Boðið er upp á allt það nýjasta í matargerð ásamt því klassíska s.s. þriggja rétta veislu, steikarhlaðborð, smáréttahlaðborð, kaffi og kökur eða alþjóðlega sérrétti að eigin vali.

Skoðaðu sali, veitingar og þjónustu á teiti.is



Hringdu í síma 5331100 og láttu reyna á okkar fagmennsku í þínu teiti

## fjörið ... Fólk

folk@frettabladid.is



**BERJAST, BERJAST, BERJAST** Leikmenn Styrmis hópuðust saman fyrir leikinn og öskruðu sig í gírinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**ÞJÁLFARINN GEFUR SKIPANIR** Hafsteinn Þórólfsson, sem tók þátt í Eurovision-undankeppninni í vor, er einn af stjórnendum Styrmis.

# Henson flengdi hommana



**Strákafélagið Styrmir, fyrsta knattspyrnufélagið fyrir samkynhneigða á Íslandi, beið lægri hlut fyrir Henson í fyrsta opinbera leik sínum hér á landi á miðvikudag. Lokatölur urðu 9-1 en þrátt fyrir stórt tap skemmtu leikmenn Styrmis sér konunglega, bæði innan vallar og utan. Myndirnar tala sínu máli.**

**BARIST UM BOLTANN** Leikmaður Henson á hér í baráttu við leikmann Styrmis í leiknum á miðvikudag. Styrmismenn gáfu ekkert eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**STUÐ** Þrátt fyrir að hafa hafa ekki roð við Henson-liðinu skemmtu leikmenn Styrmis sér konunglega á varamannabekknum.


## Sýningar á söguloftí

**MR. SKALLAGRÍMSSON**
Júní: 15. kl.18 Uppselt
20. kl.20 laus sæti,
29. kl.20 laus sæti
Júlí: 1. kl.15, 1. júlí kl.20 Laus sæti
5. kl.20 laus sæti, 13. kl.20 laus sæti, 14. kl.15, 14. kl. 20
Ágúst: 11. kl.20, 12. kl.20, 18. kl.20,
19. kl.20, 30. kl.20,
31.kl.20 laus sæti

**SVONA ERU MENN (KK og Einar)**
Aukasýning 16. júní kl. 20

**Leikhústilboð í mat:**
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS



# Sumarátak
Hefst 25. júní
2 fyrir 1
8 vikna átak

**Kvennaátak**
Námskeið
kl. 06.05 mán / mið / fös
kl. 10.15 mán / þri / fim
kl. 17.30 mán / mið / fim

**Karlaátak**
Námskeið
kl. 18.30 mán / þri / fim



13kg farin
Anna Þórðardóttir

INNIFALIÐ Í VERÐI:
- Þrír lokaðir, árangursríkir og fjölbreyttir tímar í viku
- Kennsla í höndum fagfólks
- Vigtun, fitu- og ummálsmæling
- Fræðsluefni
- Frjáls mæting í alla opna tíma og tækjasal
- Fylgst með mataræði



14kg farin
Óskar Nikulásson

Grafika 2007

**Hringdu strax og skráðu þig!**
Síðast komust færri að en vildu.
Skráning og nánari upplýsingar
í síma 565 2212 eða á mottaka@hress.is

Verð kr. 18.990
Verð fyrir korthafa Hress kr. 10.000

Námskeið hefjast 25. júní og 26. júní
kl. 06:05 þri / mið / fös kl. 17:30 mán / mið / fim
ROPE YOGA
2 fyrir 1
Verð kr. 19.990
Rope Yoga-kort veitir aðgang að öllum öðrum opnum tímum og tækjasal.

Dalshrauni 11 220 Hafnarfirði Sími 565 2212 www.hress.is hress@hress.is
HRESS




**NAKTI APINN** Litagleði og flott hönnun hreif dálkahöfund New York Times.

# Íslensk tíska í New York Times

Stórblaðið New York Times var í síðasta mánuði með heilsíðugrein um flottustu tískuverslanir Reykjavíkur.

Í greininni kom fram að Ísland hefði löngum ekki verið á tískukorti heimsins, ef frá er talinn svanakjóll Bjarkar Guðmundsdóttur sem vakti athygli og undrun tískuáhugafólks hvarvetna.

Þetta væri tekið að breytast, meðal annars vegna tilkomu fatahönnunardeildar Listaháskólans. Um þetta var fjallað í föstum dálki blaðsins, Style Map, þar sem skoðaðar eru flottar búðir stórborga, eins og Reykjavíkur.

Búðirnar sem fjallað er lofsamlega um eru Kisan, Steinunn, Start Art, Kron Kron, Belleville, Liborious, Nakti Apinn og Trilogia. Það vekur athygli að allar þessar verslanir eru við Laugaveginn.



**KRON KRON** Selur síðar nærbuxur eftir hönnuð svanakjóls Bjarkar.



**KISAN** Flottur kokteill hönnunarvarnings, barnafata og geisladiska vakti athygli.

# BT

# SONY SUMARPAKKI
## FLATSJÓNVARP + HEIMABÍÓ

LOKAÐ Í DAG 17.JÚNÍ




30.000 AFSLÁTTUR

KDL32S2510
SONY 32" LCD SJÓNVARP S2510
Upplausn: 1366x768 HD ready
PIP - myndfryistimöguleiki
BBE ViVa HD3D hljóðtækni
SRS Trusurround XT hljómtækni
Borðstandur með snúningi fylgir
Svartími: 8ms
HDMI tengi: 2
Component tengi: 1
VGA tengi: 1
Scart tengi: 2

+

ALLUR PAKKINN!

**219.999**

~~249.999~~

**Bravia Engine tækni**
Bravia myndstýringin frá Sony eykur myndgæðin. Með Bravia færðu skarpari mynd og meiri litadýrð

**Ljósnemi**
Sony hefur útbúið Sjónvörpin sín með ljósnema sem metur umhverfisbirtu. Sjónvarpið stillir sig sjálkrafa á degi sem á nóttu.

DAVDZ230
SONY HEIMABÍÓ DZ230
850W RMS Wött
S-Master stafrænn magnari
40 diska multidisk resume
DCAC sjálfvirk uppsetning
Tengi fyrir iPod
HDMI tengi
DivX afspilun



850 WÖTT!

BT LÁN™

| BT 12 mánaða | BT 24 mánaða | BT 36 mánaða |
|---|---|---|
| 19.788* | 10.801** | 7.805*** |

Sony Ericsson
GSM SONYERICSSON W200I
Tri-Band GSM 900/1800/1900
Þyngd 85 g, með 65 þús. lita UBC skjá
7 klst. í tali og 360 klst. í bið
VGA myndavél, 640x480 pixlar
FM útvarp með RDS
Walkman Media tónlistarspilari
Spilar fjölradda Pólýtóna og MP3 hringitóna
Íslenskt valmyndakerfi, titrari, reiknivél.
(Syncronization) við Outlook (PC)



**18.999**

SAMSUNG
Tri-Band GSM 900/1800/1900
Þyngd 80 g, með 65 þús. lita
TFT skjá (120x160 punktar)
Skjár utan á síma (96x96 punktar)
Ending rafhlöðu allt að 3 klst. í tali og 250 klst. í bið
VGA myndavél 640x480 - hreyfimyndataka
Spilar fjölradda Pólýtóna
MP3/AAC spilari
Handfrjáls hátalari, vekjari, dagbók
Innbyggt 32 MB minni
GPRS/EDGE gagnaflutningur
Bluetooth,USB tengi
WAP, xHTML, HTML og Java netstuðningur
SMS/MMS/EMS skilaboð



**15.999**

# 15" FLATSJÓNVARP
## -MEÐ INNBYGGÐUM DVD SPILARA



15"

Í BARNA-HERBERGIÐ!

**39.999**

DENVER®

TFD-1503
DENVER 15" LCD M/DVD SPILARA
15" LCD sjónvarp m/ innbyggðum DVD spilara
1024x768
1:500 kontrast
250CD/M2 birta
1024X768
CD, CD-R/RW, DVD-R/RW, DVD+R/RW
MP3, JPEG, VCD, SVCD, MPEG4
TELETEXT 10 PAGES
Fjarstýring
Scart tengi / A/V tengi
VGA tengi / S-Video tengi
Vesa 75 standard

# BT LÁN KYNNIR KORTALAUS LÁN



Það hefur aldrei verið auðveldara að næla sér í lán fyrir tölvunni, heimabíóinu, Playstation 3, veggsjónvarpinu eða bara hverju sem er í BT! Þú þarft ekki að eiga kreditkort til að fá greiðslum dreift niður í þægilega mánaðargreiðslu. Við lánum þér í allt að 48 mánuði.

Þetta er jafn auðvelt og að telja uppí 3!

Þarft ekki kreditkort!

1. Þú kemur í BT og segir okkur hvað þig langar í.

Fáðu lánið á 60 sek!

2. Við sækjum um lánið fyrir þig og það tekur aðeins 60 sekúndur að fá það samþykkt.

EKKERT ÚT og lágð á mánuði

3. Þú ferð út með bros a vör.

Hámarksupphæð á hvert lán er 300.000 krónur.

www.SAMbio.is 575 8900 midi.is










ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| OCEAN´S 13 | kl. 6 - 8 - 9 - 10:40 | 7 | ZODIAC | kl. 6 - 9 | 16 |
| OCEAN´S 13 VIP | kl. 8 - 10:40 | | BLADES OF GLORY | kl. 6 | 12 |
| PIRATES 3 | kl. 6 - 8 - 10 | 10 | ROBINSON ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| PIRATES 3 VIP | kl. 4 | | MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 4 | L |




AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CODE NAME CLEANER | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| OCEAN´S 13 | kl. 8 - 10:10 | 7 |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CODE NAME CLEANER | kl. 6 - 8 - 10:10 | 10 |
| OCEAN´S 13 DIGITAL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 7 |
| PIRATES 3 DIGITAL | kl. 7:20 - 10:30 | 10 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR | kl. 8 | L |
| OCEAN'S 13 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| ZODIAC | kl. 10 | 16 |

Nýtt í bíó

Sími: 553 2075 - bara lúxus










LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| HOSTEL 2 | kl. 6, 8 og 10 | 18 |
| THE LAST MIMZY | kl. 4 og 6 | L |
| DELTA FARCE | kl. 8 og 10 | 10 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | kl. 4 -450 kr.- | L |

www.laugarasbio.is







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| FANTASTIC FOUR 2 LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 18 |
| THE LAST MIMZY | kl. 3.40 | |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3 | kl. 5 - 9 | 10 |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 - 8 | 10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8.20 -10.30 | |
| THE HOAX | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| FRACTURE | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| THE PAINTED VEIL | kl. 5.30 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8 - 10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 8 - 10 | 18 |
| THE INVISIBLE | kl. 6 - 10.30 | 16 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8 | 14 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8 - 10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 6 - 8 - 10 | 18 |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS


# Hvíti víkingurinn verður Embla


Frá kvikmyndinni Hvíti víkingurinn. Egill Ólafsson í hlutverki sínu.

„Eftir fimmtán ár er Hvíti víkingurinn loksins orðinn að mynd eins og ég vildi hafa,“ segir Hrafn Gunnlaugsson. Á vefsíðunni logs.is kemur fram að leikstjórinn hyggst frumsýna kvikmyndina á nýjan leik í haust. Um mánaðamótin september/október.

Að þessu sinni situr Hrafn hins vegar sjálfur við klippiborðið og hefur gjörbylt myndinni. Klippingum er formlega lokið og nú er verið að endurhljóðsetja hana hjá Kjartani Kjartanssyni í Bíóhljóðum auk þess sem Hrafn og gítarleikarinn Guðmundur Pétursson hafa samið nýja tónlist við myndina. „Hvíti víkingurinn var á sínum tíma bara eitthvað samkrull af senum sem ég hafði tekið og átti skilið þá útreið sem hún hlaut,“ útskýrir Hrafn, sem hefur aldrei gengist við myndinni enda sagði hann sig frá henni og mætti ekki á frumsýninguna fyrir fimmtán árum. „Ég lenti í mikilli rimmu við framleiðanda myndarinnar sem vildi einblína á „stórar landslagssenur frá Íslandi“ á meðan ég vildi fókusera á dramatíkina í sögunni,“ bætir Hrafn við. „Og úr varð þessi óskapnaður,“ heldur hann áfram.

Og nú heitir Hvíti víkingurinn ekki lengur Hvíti víkingurinn heldur Embla: Valkyrja Hvíta víkingsins. Hrafn segir að efnið fái nú loks að njóta fyllsta réttlætis og hann er feginn að þessu „tímabili“ sé að ljúka. „Ég hef gengið með þetta eins og steinbarn í maganum,“ segir Hrafn en það var góðvinur hans, sænski framleiðandinn Bo Hansen, sem hvatti Hrafn til að ljúka við þetta. Leikstjórinn fer hins vegar ekki leynt með hver sé stjarna myndarinnar; sænska leikkonan Marie Bonnevie. „Ég nefndi þetta við hana fyrir þremur árum en ég held að hún hafi ekki trúað mér. Hún sagði þó að hún yrði mér ævinlega þakklát ef mér tækist þetta,“ segir Hrafn, sem útilokar ekki að bjóða leikkonunni sjálfri á frumsýninguna.


**MARIE BONNEVIE** Er stjarna myndarinnar að mati Hrafns.


**HRAFN** Loksins er Hvíti víkingurinn sú kvikmynd sem hún átti að vera.


**KRYDDPÍURNAR** Munu að öllum líkindum koma saman í lok þess árs og halda sex tónleika víðsvegar um heiminn.

# Endurkoma Spice Girls samþykkt af Mel C.

Söngkonan Mel C hefur loksins samþykkt að koma fram með sínum fyrri félögum í hljómsveitinni Spice Girls og er nú ekkert því til fyrirstöðu að Kryddpíurnar snúi aftur á sjónarsviðið. Hinar Kryddpíurnar, Geri Halliwell, Mel B, Emma Bunton og Victoria Beckham, höfðu allar samþykkt endurkomuna en það var hjá Mel C sem hnífurinn stóð í kúnni - allt þar til í gær.

„Ég hef alltaf sagt að ég myndi aldrei koma aftur fram með hljómsveitinni. Við áttum frábæra tíma saman fyrir nokkrum árum sem voru töfrum líkastir. Ég hélt að sá tími yrði aldrei toppaður. En eftir alla umræðuna og vangavelturnar upp á síðkastið um endurkomu Spice Girls hef ég fundið fyrir stemningu og miklum þrýstingi frá aðdáendum. Og ég vil ekki vera stelpan sem eyðileggur allt,“ sagði Mel C í útvarpsviðtali í gær.

Fátt getur nú komið í veg fyrir stutta tónleikaferð Kryddpíanna um heiminn í lok ársins en til stendur að þær komi fram á sex tónleikum í öllum heimsálfunum. Tónleikarnir verða þeir allra síðustu hjá hljómsveitinni og í framhaldinu verður gefin út safnplata sem mun innihalda öll vinsælustu lög sveitarinnar.

# Stones spilar gömlu lögin

Josh Homme, forsprakki Queens of the Stone Age, segir að The Rolling Stones leggi of mikla áherslu á gömul lög á tónleikum sínum. Þó að Queens of the Stone Age hafi hitað upp fyrir Stones á tónleikum telur Homme að rokkhundarnir þurfi að taka sig saman í andlitinu.

„Við spiluðum með þeim og ég hafði mjög gaman af því. En þeir gefa bara út plötur til að minna fólk á að þeir séu að fara í tónleikaferð,“ sagði Homme. „Þeir fara aðeins í tónleikaferðir til þess að fólk geti heyrt gömlu lögin þeirra. Ef þróunin væri þannig hjá okkur myndi ég ekki hika við að taka gott hlé.“


**JOSH HOMME** Forsprakki Queens of the Stone Age gagnrýnir The Rolling Stones harðlega.


2 fyrir 1 í bíó



Námufélagar fá tvo miða á verði eins í Smárabíó, Regnboganum, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri mánudaga til fimmtudaga ef þeir greiða með nýja Námukortinu í gallabuxnaútlitinu.

Tilboðið gildir hvorki í lúxussal né á íslenskar myndir.

Landsbankinn

# Selir munu berjast

SOCOM 3: U.S. Navy SEALs er þriðji leikurinn í SOCOM-leikjaröðinni, sem er ágætlega þekkt hér á landi. Leikirnir eru fyrstu persónu skotleikir þar sem spilarinn er hermaður í SEAL-deild bandaríska sjóhersins, en þar eru allir þrautþjálfaðar hetjur.

Eins og áður stjórnar spilarinn fjögurra manna herliði sem sinnir verkefnum víða um heim. Einspilunarhluti leiksins spannar fjölda borða í þremur heimsálfum; Afríku, Asíu og Evrópu. Verkefnin eru allt frá því að bjarga gíslum, taka óvini til fanga, beina loftárás á ákveðin skotmörk eða hreinlega drepa allt sem fyrir verður.

Einspilunarhlutinn er þó aðeins helmingurinn af fjörinu, því leikurinn býður upp á allt að þrjátíu og tveggja manna fjölspilun á netinu. Hvort það er kostur eða galli fer allt eftir því hvort viðkomandi er með nettengda PlayStation 2 tölvu, sem er ekki mjög algengt hér á landi.

**TÖLVULEIKIR**

**SOCOM 3: U.S. Navy SEALs**

Sæmilegur fyrstu persónu herkænsku-skotleikur. Mesta skemmtunin er fólgin í fjölspilun yfir netið, sem krefst nettengdrar PlayStation 2 tölvu. Ónettengdir borga fullt verð fyrir hálfan leik.

★★★

Almennt er leikurinn alveg ágætur. Grafíkinni er ekki hægt að kvarta yfir á PlayStation 2, einspilunarhlutinn er nokkuð skemmtilegur með stórum og góðum borðum, og vopnabúrið er fullt af raunverulegum útgáfum af byssum og öðrum skotvopnum.

Bardagarnir eru tiltölulega raunverulegir þótt gervigreind óvinanna sé stundum af skornum skammti. Farartæki, sem voru ekki hluti af fyrri leikjunum, breyta spiluninni einnig til hins betra.

Í raun er stærsti gallinn ekki eitthvað sem vantar í leikinn heldur eitthvað sem gæti vantað í tölvu spilarans. Ef hann er ekki með nettengda PlayStation 2 tölvu fær hann aðeins hálfan leik, og missir af betri helmingnum. Án fjölspilunarmöguleikans er leikurinn aðeins sæmilega skemmtilegur skotleikur.

Sért þú einn af fáum og hefur nettengda PlayStation 2 tölvu er óhætt að mæla með þessum leik. Aðrir ættu að hugsa sig vel um, nema þeir hafi þeim mun meiri áhuga á fyrstu persónu skotleikjum.

**Salvar Þór Sigurðarson**




allt
heimili
Alla fimmtudaga



**MATTHEW MCCONAUGHEY** Leikarinn heimsfrægi hefur verið kjörinn piparsveinn ársins.

# Matthew sá heitasti

Leikarinn Matthew McConaughey hefur verið kjörinn piparsveinn ársins af tímaritinu People. Bar hann sigurorð af kunnum köppum á borð við leikarana Zach Braff og Jake Gyllenhaal, söngvarann Justin Timberlake og prinsana Vilhjálm og Harry.

McConaughey, sem er 37 ára, hefur oft verið myndaður ber að ofan á ströndinni. „Hvar er betri staður til þess að njóta veðursins en á ströndinni þar sem fáir eru í skyrtum,“ sagði hann. „Ég stunda litla skipulagða líkamsrækt. Ég lifi bara lífinu og reyni að svitna á hverjum degi.“ Taylor Hicks, fyrrverandi sigurvegari í American Idol, var heitasti piparsveinninn á síðasta ári.



**PAUL MCCARTNEY** Vill bara nota heyrnartólin í upptökustúdíóinu.

# Bítill á móti heyrnartólum

Bítillinn Paul McCartney er ekki hrifinn af MP3-tæknivæðingunni sem á sér stað víðast hvar í heiminum í dag og þá sérstaklega vegna þess að heyrnartól, sem nauðsynleg eru til að geta notað iPod og aðra sambærilega tónlistarspilara, séu hinn mesti skaðræðisvaldur.

„Heyrnartól minna mig á vinnuna, líklega öfugt við flesta aðra,“ segir tónlistarmaðurinn, sem eytt hefur stórum hluta ævinnar í upptökuveri þar sem heyrnartól eru vissulega mikið notuð. „Staðreyndin er sú að með því að nota heyrnartól nærðu að einangra þig frá umhverfinu. Það er fínt á meðan þú ert að taka upp plötu en mér finnst það algjör synd að sjá fólk með heyrnartólin þegar það gengur úti á götu. Þá missa þau af umhverfishljóðunum, fuglasöngnum og öllu hinu sem er svo dásamlegt í lífinu.“

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
→ flugfelag.is

Njóttu dagsins - taktu flugið




Aðeins fimm skref á Netinu og þú ferð á loft

Það getur ekki verið auðveldara. Þú bókar flugið á flugfelag.is þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.

**Njóttu dagins, taktu flugið og smelltu þér á flugfelag.is**

ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 37733 05/07

## > Íslendingar skora á Norðurlöndunum

Kári Árnason var í liði AGF sem tryggði sig endanlega upp í dönsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu. AGF komst upp úr 1. deildinni eftir 2-0 sigur á Kolding. Garðar Jóhannsson skoraði þriðja og síðasta mark Fredrikstad í sigri á Start Kristiansand í norsku úrvalsdeildinni í gær. Veigar Páll Gunnarsson lék allan leikinn fyrir Stabæk sem vann Álasund 4-1 og Haraldur Freyr Guðmundsson lék allan leikinn fyrir Álasund. Garðar Gunnlaugsson skoraði þrennu fyrir Norrköping sem vann Bunkeflo 6-2 í sænsku 1. deildinni. Stefán Þórðarson var ekki í liði Norrköping að þessu sinni.



# sport

sport@frettabladid.is

ALFREÐ GÍSLASON LANDSLIÐSÞJÁLFARI: TEK MÉR NÚNA SUMARFRÍ EN SVARIÐ ER NEI Í DAG

## Áhorfendur hjálpuðu okkur yfir erfiðustu hjallana

Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari var vitanlega ánægður með sigurinn og Evrópumótssætið. Hann sagði að áhorfendur hafi verið í lykilhlutverki í leiknum. „Umgjörðin var frábær og áhorfendur hvöttu okkur vel í dag. Það var mjög mikilvægt því við skynjuðum að við áttum í vissum erfiðleikum. Varnarleikurinn í fyrri hálfleik var langt frá því jafn góður og í fyrri leiknum. Við fengum einnig mikið af hraðaupphlaupum á móti okkur og stemningin hjálpaði okkur yfir erfiðustu hjallana."

Ísland komst í þægilega stöðu í síðari hálfleik en hleypti svo Serbunum aftur inn í leikinn. „Það sem gerðist var að við fengum mjög auðveld og létt mörk á okkur, meira að segja í okkar yfirtölu. Að vísu var ég mjög ósáttur við margt í dómgæslunni, til dæmis dæmdu þeir aldrei á það þegar þeir stoppuðu sóknir með fótunum. Slíkt á alltaf að vera brottvísun í alþjóðlegum bolta. En þegar öllu er á botninn hvolft spiluðum við ekki nógu vel í dag. Það vantar vissa breidd í okkar hóp og sérstaklega á móti liði sem þarf ekki að skipta neinum manni út af á milli sóknar og varnar."

Alfreð sagði leikinn hafa verið gríðarlega erfiðan. „Það var erfitt að halda einbeitinguni og Serbar léku til að mynda mun betur í dag en í síðasta leik. Þeir skoruðu fjölbreytt mörk en alltof einföld. Þetta tók gríðarlega á hjá strákunum sem eru margir hverjir ekki klárir í heilan leik, eins og Sigfús og Logi. Þeir spiluðu vel en geta ekki verið á fullu allan leikinn."



Ólafur Stefánsson fyrirliði tók í svipaðan streng. „Það var óþarfi að vinna þennan leik með minnsta mun. Við vorum að spila á móti góðu liði og vörnin var ekki nógu þétt. Sóknarleikurinn var einnig misjafn."

Samningur Alfreðs við HSÍ er nú útrunninn. „Ég fer núna í þriggja vikna sumarfrí og er loksins laus við handbolta í smá tíma. Í dag er svarið nei en ég tek sumarfríið og sé hvort það er einhver leið að koma þessu við," sagði kampakátur og dauðuppgefinn Alfreð Gíslason.

Logi Geirsson:

## Draumurinn rættist í dag

**HANDBOLTI** Logi Geirsson átti góðan leik í gær og var í skýjunum eftir sigurinn gegn Serbum. „Ég hef oft verið hamingjusamur en aldrei eins og í dag. Í dag rættist draumur hjá mér en ég hef átt í vandræðum með að undirbúa mig andlega fyrir leikinn. En ég er núna búinn að fatta hvað er að. Ég er að spila í rangri deild, ég ætti að spila alltaf fyrir íslenska áhorfendur til að koma mér á rétta braut. Þetta er því yndislegt og á ekki til orð til að lýsa þessu betur. Ég elska að spila svona leiki og þess vegna er ég í handbolta." **- esá**

### ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Umspil fyrir EM 2008:*

| | |
|---|---|
| RÚMENÍA-SVÍÞJÓÐ | 34-33 |
| Svíþjóð komst áfram samanlagt 69-59. | |
| SVISS-HVÍTA-RÚSSLAND | 30-28 |
| Hvít-Rússar komust áfram samanlagt 61-54. | |
| SVARTFJALLALAND-PORTÚGAL | 33-27 |
| Svartfellingar komust áfram samanlagt. | |



**MEISTARAR** Leikmenn Real Madrid fagna titlinum ákaft. NORDICPHOTOS/AFP

Spænska úrvalsdeildin:

## Real meistari

**FÓTBOLTI** Real Madrid tryggði sér spænska meistaratitilinn í gær eftir 3-1 sigur á Mallorca. Á sama tíma vann Barcelona Gimnastic og urðu félögin jöfn að stigum en Real varð meistari vegna betri árangurs í innbyrðisviðureignum.

„Allir eiga hrós skilið, allir. Þetta var spennandi leikur en á endanum náðum við að tryggja þetta þrátt fyrir hátt spennustig. Ég er ótrúlega ánægður og mér finnst þetta vera verðskuldað," sagði stjórinn Fabio Capello í leikslok. **- hþh**

# Flugeldasýning á þjóðhátíðardaginn

**Strákarnir okkar sáu um flugeldasýninguna á þjóðhátíðardaginn þetta árið. Leikur þeirra gegn Serbum var stórkostleg skemmtun frá upphafi til enda og Ísland komst á EM í Noregi með eins marks mun.**

**HANDBOLTI** Serbar unnu fyrri leikinn ytra með einu marki og því var ljóst að Íslendingar urðu að vinna með tveimur mörkum til þess að komast á EM sem fram fer í Noregi í janúar.

Það var boðið upp á hreint ótrúlega skotsýningu í fyrri hálfleik þar sem alls voru skoruð 46 mörk á 30 mínútum. Varnarleikur og markvarsla var engin hjá báðum liðum og allt lak inn í sókninni.

Ísland byrjaði leikinn hræðilega illa og var komið undir 1-4 áður en áhorfendur voru búnir að syngja 17. júní lagið. Serbarnir komu svolítið á óvart með því að spila 6/0 vörn en Alfreð reiknaði með því að þeir myndu klippa Ólaf út úr sóknarleiknum. Þeir byrjuðu á því síðar í hálfleiknum en ekki með neinum árangri.

Serbarnir keyrðu auk þess hraða miðju sem íslenska liðið réði ekki við en varnarleikurinn í heildina var til skammar. Serbar fengu auðveld skot í nánast hverri einustu sókn og höfðu lítið fyrir því að opna íslensku vörnina. Þrátt fyrir það gerði Alfreð engar breytingar á vörninni. Markvarðaskipti breyttu engu þar sem Serbar fengu að skjóta án pressu og þá er markvörðunum vorkunn.

Liðin héldust í hendur nánast allan fyrri hálfleik. Ísland komst fyrst tveimur mörkum yfir þegar Serbar höfðu skorað 14 mörk en Serbar jöfnuðu strax. Lokakafli hálfleiksins var frábær hjá Íslandi þar sem vörnin datt aðeins í gang og í kjölfarið komu hraðaupphlaupin en Ísland skoraði úr níu slíkum í fyrri hálfleik.

Ísland komst í 24-21 en Serbar minnkuðu muninn í 24-22 rétt fyrir hlé og mikil vinna eftir í síðari hálfleik.



**ÞJÓÐHÁTÍÐARSTEMNING Í LAUGARDALSHÖLL** Strákarnir okkar fagna sigri á Serbum í gærkvöldi. Með honum er ljóst að Ísland tekur þátt í sínu tíunda stórmóti í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Íslenska liðið byrjaði síðari hálfleikinn jafn vel og það byrjaði þann fyrri illa. Birkir Ívar datt í gírinn og hraðaupphlaupin komu á færibandi. Fyrr en varði var Ísland komið með fimm marka forystu, 28-23. Sá munur hélst lengstum en mest náðu Íslendingar sjö marka forystu snemma í síðari hálfleik.

Serbar söxuðu á forystuna eftir því sem leið á hálfleikinn og náðu að minnka muninn niður í þrjú mörk þegar um 6 mínútur voru eftir af leiknum. Lokamínúturnar voru æsispennandi þar sem hver sókn og nánast hver einasta sending skipti öllu máli.

Serbar minnkuðu muninn í tvö mörk, 42-40, og eitt mark í viðbót hefði komið þeim á EM. Guðjón Valur sýndi þá afburðaskynsemi og hélt boltanum allt til enda og þakið bókstaflega lyftist í fagnaðarlátunum.

Íslenska liðið sýndi enn eina ferðina þann ótrúlega karakter sem einkennir liðið. Liðið stóðst áhlaup Serbanna, sýndi útsjónarsemi og fór ekki á taugum þótt sigurinn hafi verið ansi tæpur undir lokin.

Held það sé ekki á neinn hallað þegar Alexander Petersson er sérstaklega hrósað. Hann sannaði enn og aftur hvílíkur afburðaíþróttamaður hann er og Ísland er ríkt að hafa slíkan mann í sínu landsliði.

Guðjón Valur var einnig ótrúlegur sem fyrr, skoraði mikilvæg mörk og reif vagninn bókstaflega áfram á köflum. Ólafur var útsjónarsamur og Snorri stýrði spilinu vel. Svo má ekki gleyma Birki Ívari markverði sem var eins og gömul díselvél og keyrði á öllum hestöflum í síðari hálfleik.

Liðið er komið á EM þar sem það hefur getuna til að gera ótrúlega hluti. Það er óskandi að hershöfðinginn Alfreð Gíslason verði áfram við stjórnvölinn á því móti.

**henry@frettabladid.is**



**MAGNAÐUR STUÐNINGUR** Stemningin í Laugardalshöll í gær var hreint út sagt stórkostleg frá upphafi til enda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### *Ísland-Serbía 42-40 (24-22)*

**Mörk Íslands (skot):** Alexander Petersson 9 (10), Logi Geirsson 7 (12), Ólafur Stefánsson 7/5 (12/6), Guðjón Valur Sigurðsson 6 (7), Snorri Steinn Guðjónsson 5/1 (9/1), Sigfús Sigurðsson 5 (6), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (2), Hannes Jón Jónsson 1 (2).
**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 20, Hreiðar Guðmundsson 1.
**Hraðaupphlaup:** 13 (Alexander 5, Guðjón 4, Logi, Sigfús, Ólafur, Ásgeir)
**Fiskuð víti:** 7 (Guðjón 3, Róbert, Snorri, Ólafur)
**Utan vallar:** 12 mínútur.


Fasteignafyrirtækið Castle & Cooke Florida USA kynnir á Grand Hotel 19. -22. júní



Skoða á netinu: http://www.cc-keenespointe.com/

**Fjárfestingar í glæsilegum fasteignum á besta stað í Keenes Pointe í Orlando Florida**

Kynning á **Grand Hótel** 19.-22. júní á glæsilegum nýjum fasteignum í Keene´s Pointe í Orlando Florida.

Fulltrúar fasteigna- og byggingafyrirtækisins **Castle & Cook** verða með kynningarfundi á Grand Hótel dagana 19-22 júní.
Leitið nánari upplýsinga í síma: **893 9500**

Grand Hótel Reykjavík

Castle & Cooke Mainland Communities

Keenes Pointe

Frá kr. 2.790.000

TUCSON SPORT

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS skriðvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 16” álfelgur
- Hiti í framsætum
- Hiti undir þurkublöðum
- Leðurstýri og leður á gírhnúð
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Loftkæling A/C
- Samlitur

# TUCSON SPORT

## Frá kr. 27.700 á mánuði*




Með bílinn handa þér

**Bíll á mynd: Hyundai Tucson Sport 2.0 dísel, bsk, 17” álfelgur, vindskeið**

**Bílasamningur m.v. 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.**

*Hefur gæðin*

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 | Selfoss 575 1460 | Akranes 431 2622 | Akureyri 461 2533 | Egilsstaðir 471 2524

Landsbankadeild karla:

## Tölurnar tala

**FÓTBOLTI** Það þarf ekki að koma neinum á óvart að Íslandsmeistarar FH hafa hæstu meðaleinkunn liða í deildinni, FH er með 6,22 í meðaleinkunn en aðeins FH og Keflavík er með yfir 6 í einkunn. Valur og Keflavík hafa sætaskipti sé einkunnagjöfin miðuð við stöðuna í deildinni. ÍA, Fram, KR og HK eru neðstu fjögur liðin á listanum og þau eru einnig neðstu liðin í deildinni.

Jóhannes Valgeirsson hlaut hæstu meðaleinkunnina í umferðum 1-6 í Landsbankadeild karla hjá Fréttablaðinu. Jóhannes dæmdi fjóra leiki og hlaut tæplega 8 í meðaleinkunn. Enginn dómara er með minna 5 í meðaleinkun. - hþh/ -óoj

**MEÐALEINKUNN LIÐA:**

| | |
|---|---|
| **1. FH** | **6,22** |
| 2. KEFLAVÍK | 6,13 |
| **3. VALUR** | **5,87** |
| 4. BREIÐABLIK | 5,64 |
| **5. VÍKINGUR** | **5,42** |
| 5. FYLKIR | 5,42 |
| **7. ÍA** | **5,41** |
| 8. FRAM | 5,32 |
| **9. KR** | **5,25** |
| 10. HK | 5,23 |

**MEÐALEINKUNN DÓMARA:**

| Dómari | Leikir | Einkunn |
|---|---|---|
| **JÓHANNES VALGEIRSSON** | **4** | **7,75** |
| MAGNÚS ÞÓRISSON | 3 | 7,67 |
| **ÓLAFUR RAGNARSSON** | **2** | **7,50** |
| KRISTINN JAKOBSSON | 3 | 7,33 |
| **SÆVAR JÓNSSON** | **1** | **7,00** |
| EGILL MÁR MARKÚSSON | 4 | 7,00 |
| **GARÐAR ÖRN HINRIKSSON** | **4** | **6,75** |
| EYJÓLFUR M. KRISTINSSON | 3 | 6,67 |
| **ERLENDUR EIRÍKSSON** | **3** | **6,00** |
| EINAR ÖRN DANÍELSSON | 3 | 5,67 |

**MARKAHÆSTU MENN:**

| | |
|---|---|
| 1. TRYGGVI GUÐMUNDSSON (FH) | 4 |
| **2. MAGNÚS P. GUNNARSS. (BREIÐAB.)** | **4** |
| 3. MATTHÍAS GUÐMUNDSSON (FH) | 4 |
| **4. HELGI SIGURÐSSON (VALUR)** | **3** |
| 5. ÞÓRARINN B. KRISTJÁNSS. (KEFLAVÍK) | 3 |
| **6. ARNAR GUNNLAUGSSON (FH)** | **3** |
| 7. SÍMUN SAMUELSEN (KEFLAVÍK) | 3 |

# Þrír efstir og jafnir með 7

**Þrír leikmenn eru með 7 í meðaleinkunn hjá Fréttablaðinu í fyrstu sex umferðum Landsbankadeildar karla. Tveir þeirra eru markmenn. Enginn af þremur markahæstu leikmönnum deildarinnar er á topp tíu listanum.**

**FÓTBOLTI** Að loknum sex umferðum í Landsbankadeild karla eru Íslandsmeistarar FH á toppi deildarinnar. Einn leikmaður þeirra er efstur ásamt tveimur öðrum í einkunnagjöf Fréttablaðsins en það kemur kannski á óvart að það er Daði Lárusson markmaður. Taflan hér til hægri sýnir lista yfir 50 efstu leikmenn í einkunnagjöf Fréttablaðsins eftir sex umferðir. Skilyrði var að leikmennirnir hefðu spilað fjóra leiki eða fleiri.

Daði hefur líklega fengið markmanna minnst að gera sökum ógnarsterkrar FH-varnarinnar en það verður ekki tekið af Daða að hann hefur verið frábær. Daði hefur aðeins fengið á sig þrjú mörk í leikjunum sex, tvö þeirra komu í fyrstu umferðinni gegn ÍA og eitt gegn Keflavík. Fjórum sinnum hefur Daði haldið hreinu.

Mývetningurinn Baldur Sigurðsson hefur átt hvern stórleikinn á fætur öðrum á miðjunni hjá Keflvíkingum. Suðurnesjamenn hafa spilað leiftrandi skemmtilega knattspyrnu og hefur Baldur verið sem kóngur á miðjunni hjá vel mönnuðu Keflavíkurliði. Baldur hefur skorað tvö mörk í leikjunum sex.

Bjarni Þórður Halldórsson er í láni hjá Víkingum frá Fylki. Hann hefur þurft að hirða boltann úr netmöskvunum sex sinnum í sumar. Bjarni hefur tvisvar haldið marki sínu hreinu, í þrígang hefur hann fengið eitt mark á sig. Það var gegn Fylki, KR og Breiðablik en hann fékk á sig þrjú mörk í síðustu umferð gegn Val.

Íslandsmeistarar FH eiga fjóra leikmenn á topp tíu listanum en auk Daða eru þar Matthías Guðmundsson, Ásgeir Gunnar Ásgeirsson og Freyr Bjarnason. Alls eiga Íslandsmeistararnir níu leikmenn á topp 50 listanum hér til hægri.

Keflavík og Breiðablik eiga alls átta leikmenn á listanum en Valur sjö. Fram á fimm leikmenn, þar á meðal þrjá neðstu mennina á listanum. Hin fimm liðin í deildinni, Fylkir, Víkingur, HK, ÍA og botnlið KR eiga öll þrjú menn á listanum yfir hæstu meðaleinkunina.

Þrír leikmenn hafa skorað fjögur mörk í Landsbankadeildinni í sumar, Matthías Guðmundsson, Tryggvi Guðmundsson og Magnús Páll Gunnarsson. Matthías er sá eini þeirra sem er á topp tíu listanum, hann er í fjórða sæti. Tryggvi er í sæti númer 24 og Magnús númer 31.

hjalti@frettabladid.is



**EFSTIR** Daði Lárusson, markmaður Íslandsmeistara FH, Baldur Sigurðsson miðjumaður Keflvíkinga og Víkingsmarkmaðurinn Bjarni Þórður Halldórsson eru efstir í einkunnagjöf Fréttablaðsins eftir sex umferðir. Þeir hafa allir spilað mjög vel í sumar og verið lykilmenn í sínum liðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI/VÍKURFRÉTTIR/VILHELM

Umferðir 1-6 LB-deild karla:

## Einkunnagjöf leikmanna

**FÓTBOLTI** Hér gefur að finna lista yfir 50 hæstu leikmenn í Landsbankadeild karla samkvæmt einkunnagjöf Fréttablaðsins eftir sex umferðir. - hþh/ - óoj

| | |
|---|---|
| **1. Baldur Sigurðsson (Keflavík)** | **7,00** |
| 1. Daði Lárusson (FH) | 7,00 |
| **1. Bjarni Þórður Halldórss. (Víkingur)** | **7,00** |
| 4. Jónas Guðni Sævarsson (Keflavík) | 6,83 |
| **4. Matthías Guðmundsson (FH)** | **6,83** |
| 6. Rene Skovgaard Carlsen (Valur) | 6,80 |
| **6. Þórarinn B. Kristjáns. (Keflavík)** | **6,80** |
| 8. Ásgeir Gunnar Ásgeirsson (FH) | 6,75 |
| **8. Hafþór Ægir Vilhjálmsson (Valur)** | **6,75** |
| 10. Freyr Bjarnason (FH) | 6,67 |
| **10. Símun Samuelsen (Keflavík)** | **6,67** |
| 10. Birkir Már Sævarsson (Valur) | 6,67 |
| **13. Bjarni Guðjónsson (ÍA)** | **6,60** |
| 14. Tommy Fredsgaard Nielsen (FH) | 6,50 |
| **14. Sverrir Garðarsson (FH)** | **6,50** |
| 14. Gunnleifur V. Gunnleifsson (HK) | 6,50 |
| **14. Atli S. Þórarinsson (Valur)** | **6,50** |
| 14. Ómar Jóhannsson (Keflavík) | 6,50 |
| **14. David Hannah (Fylkir)** | **6,50** |
| 14. Helgi Sigurðsson (Valur) | 6,50 |
| **14. Arnór Aðalsteinss. (Breiðab.)** | **6,50** |
| 14. Kristján Valdimarsson (Fylkir) | 6,50 |
| **14. Hjörvar Hafliðason (Breiðab.)** | **6,50** |
| 24. Tryggvi Guðmundsson (FH) | 6,40 |
| **24. Reynir Leósson (Fram)** | **6,40** |
| 26. Kjartan Sturluson (Valur) | 6,33 |
| **26. Davíð Þór Viðarsson (FH)** | **6,33** |
| 26. Fjalar Þorgeirsson (Fylkir) | 6,33 |
| **26. Arnar Grétarsson (Breiðablik)** | **6,33** |
| 26. Guðjón Antoníusson (Keflavík) | 6,33 |
| **31. Magnús P. Gunnarss. (Breiðab.)** | **6,20** |
| 32. Grétar S. Sigurðarson (Víkingur) | 6,17 |
| **32. Hallgrímur Jónasson (Keflavík)** | **6,17** |
| 32. Jón Vilhelm Ákason (ÍA) | 6,17 |
| **32. Gunnlaugur Jónsson (KR)** | **6,17** |
| 36. Srdjan Gasic (Breiðablik) | 6,00 |
| **36. Guðmundur Sævarsson (FH)** | **6,00** |
| 36. Barry Smith (Valur) | 6,00 |
| **36. Eggert Stefánsson (Fram)** | **6,00** |
| 40. Stefán Jóhann Eggertsson (HK) | 5,83 |
| **40. Páll Gísli Jónsson (ÍA)** | **5,83** |
| 40. Ásgrímur Albertsson (HK) | 5,83 |
| **40. Kristján Finnbogason (KR)** | **5,83** |
| 40. Guðmann Þórisson (Breiðablik) | 5,83 |
| **40. Björgólfur Takefusa (KR)** | **5,83** |
| 40. Marco Kotilainen (Keflavík) | 5,83 |
| **40. Sinisa Kekic (Víkingur)** | **5,83** |
| 48. Árni Kristinn Gunnarsson (Breiðablik) | 5,80 |
| **48. Alexander Steen (Fram)** | **5,80** |
| 50. Hans Yoo Mathiesen (Fram) | 5,75 |
| **50. Patrik Ted Redo (Fram)** | **5,75** |






**HAMILTON** Vann aðra keppnina í röð með glæsibrag. NORDICPHOTOS/AFP

Formúla 1:

## Hamilton vann á Indianapolis

**FORMÚLA-1** Breski ökuþórinn Lewis Hamilton vann sína aðra Formúlu-1 keppni í röð í gær þegar hann bar sigur úr býtum í Indianapolis-kappakstrinum. Hamilton kom í mark á undan samherja sínum hjá McLaren, Fernando Alonso. Í næstu sætum þar á eftir komu Felipe Massa og Kimi Raikkonen á Ferrari.

Hamilton jók þar með á forskot sitt á Alonso í heimsmeistarakeppninni um tvö stig auk þess sem McLaren leiðir keppni bílasmiða. **- hþh**

Birgir Leifur Hafþórsson:

## Endaði á fjórum yfir pari

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson fær um 450 þúsund krónur í verðlaunafé á Saint-Omer mótinu í Frakklandi sem lauk í gær. Birgir lék hringina fjóra á fjórum höggum yfir pari, þann síðasta í gær einn yfir pari vallarsins. Birgir lauk keppni í 26. sæti á mótinu og vann sig upp um tvö sæti á peningalista mótaraðarinnar. **- hþh**







**JOAQUIN PHOENIX**
Joaquin túlkaði Johnny Cash eftirminnilega í myndinni Walk the Line. Hann lærði sérstaklega á gítar fyrir myndina og söng og spilaði öll lögin sjálfur í myndinni. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíó kl. 20.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON KOMST Í HÁTÍÐARSKAP

# *Árið sem jólin sniðgengu Björgvin*

Snjórinn liðast niður úr himinhvolfinu. Það stirnir á jólaljós í þúsund litum. Pakkarnir eru komnir undir nýskreytt tréð. Toddí í spariglösum. Messa Þorláks helga er í algleymi. Árið er 1989. Síminn hringir.

„Svavar, þú verður að hjálpa mér. Mig vantar klukknahljóminn, mig vantar klukknahljóminn. Svavar, heyrir þú í ...“ Sambandið slitnar en það hringir strax aftur. Eftir stutt símtal hefur málið verið skýrt. Það verða engin jól í Björgvin í Noregi árið 1989 nema ég útvegi upptöku af hringingu dómkirkjunnar í Reykjavík. Þetta sjálfsagða og eðlilega verkefni var lagt fyrir mig af eldri bróður mínum, honum Björgólfi, sem hafði flutt nokkru áður til Noregs til að stunda háskólanám í fiskeldisfræðum.



Í hugum fjölmargra Íslendinga hringir útvarpið inn jólin. Þetta er ómissandi hluti af jólahaldinu og sú var svo sannarlega raunin heima á Stöðvarfirði þegar við bræður vorum að alast upp. Allir í sínu fínasta, rjúpan á borðinu, svo var hækkað í útvarpinu og hlustað á klukkurnar hringja inn jólin. Allt eðlilegt og sjálfsagt. Þegar maður er á Íslandi.

Kannski er þessi saga óviðeigandi um miðjan júní 2007. En þó ekki. Nýlokið er annarri íslenskri stórhátíð sem einnig á sínar hefðir. „Blómin springa út og þau svelgja í sig sól. Sumarið í algleymi og hálft ár enn í jól... Hæ, hó, jibbí, jei.“ Hver syngur ekki með, viljandi eða ómeðvitað? Ég hef andstyggð á 17. júní laginu, satt að segja. Svo ofspilað er það að nyt fellur í kúm. En bara þennan eina dag. Ég er viss um að ég myndi sakna þess ef það heyrðist ekki á þjóðhátíðardaginn. Kannski þarf ég að flytja í annað land til að komast að því.

Ekki tókst mér að redda hringingu dómkirkjunnar á jólunum 1989. Bróðir minn hlustaði á hana í gegnum síma. Greiðviknir starfsmenn RÚV sendu honum síðan hljóðsnældu með hringingunni árið eftir. Allt eðlilegt og sjálfsagt. Þegar maður er frá Íslandi.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00 Queer Eye** SKJÁREINN



▶ **20.00 Walk the Line** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00 Arrested Development** SIRKUS



▶ **20.05 Loftslagsbreytingar - Verður jörðinni forðað?** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.50 Pirate Master** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Myndasafnið**
**18.01 Gurra Grís** (18:26)
**18.06 Lítil prinsessa** (18:30)
**18.16 Halli og risaeðlufatan** (14:26)
**18.30 Vinkonur** (39:52)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.05 Loftslagsbreytingar - Verður jörðinni forðað?** (2:2) Bresk heimildamynd í tveimur hlutum þar sem David Attenborough fjallar um loftslagsbreytingar á jörðinni. Annað kvöld, þriðjudaginn 19. verður sýnd myndin The Great Global Warming Swindle.
**21.05 Lífstílssjúkdómar** (2:5) Stuttir þættir um heilsufarsvandamál sem steðja að mannkyninu. Í þessum þætti er fjallað um gildi þess að hreyfa sig reglulega.
**21.15 Lífsháski** Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Anna Pihl** (1:10) Dönsk þáttaröð um erilsamt starf lögreglukonunnar Önnu Pihl á Bellahoj-stöðinni í Kaupmannahöfn. Nánari upplýsingar um þáttaröðina er að finna á vefslóðinni http://annapihl.tv2.dk/.
**23.10 Austfjarðatröllið**
**23.55 Út og suður** (3:16) e.
**00.25 Kastljós**
**00.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Walk the Line**
**08.15 Abrafax og sjóræningjarnir**
**10.00 Moonlight Mile**
**12.00 Airheads**
**14.00 Abrafax og sjóræningjarnir**
**16.00 Moonlight Mile**
**18.00 Airheads**
▶**20.00 Walk the Line** Rómantísk og átakanleg Óskarsverðlaunamynd með þeim Joaquin Phoenix og Reese Witherspoon í aðalhlutverkum. Bönnuð börnum.
**22.15 Scary Movie 3**
**00.00 The Terminator**
**02.00 The Badge**
**04.00 Scary Movie 3**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Oprah**
**08.50 Í fínu formi 2005**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.30 Forboðin fegurð** (71:114)
**10.15 Grey´s Anatomy** (30:36)
**11.00 Fresh Prince of Bel Air 5**
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Sisters** (15:24)
**14.00 Extreme Makeover** (4:23)
**14.45 Shark Attacks**
**15.50 Barnatími Stöðvar 2** (12:26)
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons** (12:22) (My Fair Laddy) Sautjánda og nýjasta þáttaröðin í þessum langlífasta gamanþætti í bandarísku sjónvarpi í dag.
**20.05 Men In Trees NÝTT** (1:17) (Smábæjarkarlmenn) Bráðskemmtileg ný þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki. Hehce leikur sambandasérfræðing og kemst að því að unnustinn hefur haldið framhjá henni. Hún ákveður að setjast að í smábæ í Alaska þar sem karlmennirnir eru tíu sinnum fleiri en konurnar.
▶**20.50 Pirate Master** (3:14) Hörkuspennandi raunveruleikaþáttur í anda Survivor sem gerist um borð í alvörusjóræningjaskipi. Keppendum er engin miskunn sýnd en þeir þurfa að leysa þrautir og gátur á sjó og landi til að koma í veg fyrir að verða sendir burt.
**21.40 Saved** (4:13) Rómantískir spennuþættir í anda Grey´s Anatomy þar sem fylgst er með sjúkraflutningamönnum í blíðu og stríðu.
**22.25 Cry Freedom** Aðalhlutverk: Denzel Washington, Kevin Kline, Penelope Wilton. Leikstjóri: Richard Attenborough. 1987. Bönnuð börnum.
**01.00 Rome** (8:10)
**01.55 Las Vegas (8:17)**
**02.40 8MM**
**04.40 Afterlife (2:8)**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**
**06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Entertainment Tonight**
▶**20.00 Arrested Development** (15:18) Önnur sería eins umtalaðasta og frumlegasta gamanþáttar síðari ára. Michael heldur áfram að rembast við að reka fjölskyldufyrirtækið og halda um leið saman geggjuðustu fjölskyldu sem um getur, að Simpson-fjölskyldunni meðtalinni. Jason Bateman fékk Golden Globe verðlaunin 2005 sem besti gamanleikari í aðalhlutverki fyrir túlkun sína á Michael en þátturinn hefur unnið til fjölda annarra verðlauna. 2004.
**20.25 Pussycat Dolls Present: The Search** (7:8) Stúlknasveitin heimsfræga Pussycat Dolls leitar að nýjum meðlim í hljómsveitina. Þúsundir stúlkna sóttu um starfið en aðeins níu þeirra voru valdnar til áframhaldandi þátttöku. Stúlkunum níu er komið fyrir í íbúð í Los Angeles þar sem þær munu ganga í gegnum stífar æfingar og áskoranir. Þurfa stelpurnar m.a. að geta dansað, sungið og hannað sín eigin föt ef þær ætla að eiga möguleika á að komast í hljómsveitina. Það er Mark McGrath úr hljómsveitinni Sugar Ray sem er kynnir þáttanna.
**21.15 Hooking Up** (2:5) Raunveruleikaþáttur þar sem fylgst er með ellefu konum í New York borg. Konurnar fara á nokkur stefnumót með mönnum sem þær hafa kynnst í gegnum internetið. Fá áhorfendur að fylgjast með stefnumótunum og sjá hvort að einhver kvennanna finni draumaprinsinn sinn.
**22.00 Twenty Four** (22:24) Stranglega bönnuð börnum.
**22.50 Cold Case** (20:24)
**23.35 Joan of Arcadia** (10:22) (e)
**00.20 Entertainment Tonight** (e)
**00.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.30 Vörutorg**
**16.30 How Clean is Your House?** (e)
**17.00 All of Us** (e)
**17.30 Beverly Hills 90210**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Malcolm in the Middle** (e)
▶**20.00 Queer Eye** Fimm samkynhneigðar tískulöggur þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fýra.
**21.00 Runaway - NÝTT** Nýr bandarískur spennuþáttur í 9 hlutum um fjölskylduföður á flótta með alla fjölskylduna eftir að hann er ranglega sakaður um morð. Fjölskyldan verður að fara huldu höfði og vera skrefinu á undan lögreglunni og hinum rétta morðingja.
**22.00 C.S.I.** (23:24) Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar Las Vegas borgar. Sara er ekki sátt þegar Grissom fer að hafa afskipti af máli þar sem gömul vinkona hans, vændiskonan Lady Heather, er heppin að sleppa lifandi eftir að kúnni ræðst á hana. Það flækir málið að hún neitar að segja hver árásarmaðurinn er.
**22.50 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur. Ray flytur eigur sínar út úr baðherginu sínu og á baðherbergi krakkanna svo Debra fái meira pláss.
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Boston Legal** (e)
**00.55 The L Word** (e)
**01.45 Beverly Hills 90210** (e)
**02.30 Vörutorg**
**03.30 Óstöðvandi tónlist**




CSI

22.00
Í KVÖLD

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

**Men in Trees**



Glæný, rómantísk þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki. Heche leikur sambandasérfræðinginn Marin Frist og er stödd í Alaska þegar hún kemst að því að unnustinn hefur haldið framhjá henni. Hún ákveður að setjast að í þorpinu en þar eru karlmennirnir tíu sinnum fleiri en konurnar.

**▶ Við mælum með**
**RUNAWAY**
**Skjáreinn kl. 21.00**

Nýr, bandarískur spennuþáttur um fjölskylduföður á flótta með alla fjölskylduna eftir að hann er ranglega sakaður um morð. Fjölskyldan verður að fara huldu höfði og vera skrefinu á undan lögreglunni og hinum rétta morðingja. Aðalhlutverkin leika Donnie Wahlberg, fyrrverandi liðsmaður New Kids on the Block, og Leslie Hope úr spennuþáttunum 24.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Lífsjátning
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Krossgötur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Laufskálinn
**19.40** Sumarsaga barnanna: Borgin við sundið
**20.00** Sumarsalat
**21.00** Framtíð lýðræðis
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar
**23.05** Úlfaldar og mýflugur
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.00 NBA 2006/2007 - Playoff games** Útsending frá fimmta leik Cleveland Cavaliers og San Antonio Spurs í úrslitum NBA körfuboltans.
**14.05 Opna bandaríska mótið**
**19.15 NBA 2006/2007 - Playoff games**
**21.15 Spænsku mörkin**
**22.00 Sænsku nördarnir** Hvað gerist þegar 15 Nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta mynda knattspyrnulið? Þeir eru þjálfaðir af topp þjálfara í þrjá mánuði og að lokum mæta þeir besta liði Svíþjóðar. Nördarnir er nýtt raunveruleikasjónvarp þar sem fylgst er með liðinu frá fyrstu æfingu fram að lokaleiknum við besta lið Svíjóðar. Þættirnir hafa farið sigurför um Norðurlöndin.
**22.50 Heimsmeistaramótið í póker** Heimsmeistaramótið 2006 í póker sem fram fór á Spáni síðastliðið haust. Þar tóku Íslendingar þátt í fyrsta sinn og verður spennandi að fylgjast með gengi þeirra.
**23.50 Spænski boltinn** (Real Madrid - Mallorca)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Elmers verden **6.15** Brum **6.30** Dronningens elefanter 7.00 En rejse blandt svenske haver **7.30** Kontor til lavpris **8.30** På jobjagt **9.00** En dag i haven **9.30** Konen ved sundet **10.00** TV Avisen **10.10** 21 Søndag **10.50** Engle med skidt på vingerne **11.15** OBS **11.20** DR1 Dokumentaren - En kultiveret rappenskralde **12.20** Søren Ryge direkte **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Snurre Snup **14.35** Monster allergi **15.00** Dragejægerne **15.30** Den lille brandskole **15.55** Gurli Gris **16.00** Når elefantungen er drønforkælet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Miss Marple **18.00** Lille menneske - de første skridt **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Truslen fra solen **20.55** Seinfeld 21.15 OBS **21.20** Dinas Dates **21.50** Generation Sex **4.30** Den hvide sten **5.00** Rasmus Klump **5.10** Morten **5.30** NU er det NU **6.00** Elmers verden

## NRK 1

**6.30** Jukeboks: Du skal høre mye **7.30** Jukeboks: Jazz **8.30** Oppgangen **9.00** Da varehuset kom til byen **10.00** Siste nytt **10.05** Med hjartet på rette staden **10.50** Creature Comforts: hvordan har vi det? **11.00** Siste nytt 1**1.05** Grønn glede **11.30** Viten om **12.00** Siste nytt **12.05** Norge rundt **12.30** Det store bryllupet **13.00** Siste nytt **13.05** Kar for sin kilt **14.00** Siste nytt **14.03** Lyoko **14.25** Sinbads fantastiske reiser **14.50** Creature Comforts: hvordan har vi det? **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Mikkes klubbhus **16.25** Sauer **16.40** Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen **17.30** Eit vanleg liv **18.25** Faktor: Minnenes reise **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Vinbaronen **20.20** Drømmen om Katie Melua på havets bunn **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hva skjedde med Emily? **22.25** Den siste gudfaren **5.30** Sport Jukeboks

## SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Tintin **7.45** Blue Water High **10.00** Rapport **10.05** Sportspegeln **12.40** Midnattssolens son **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Melita möter **15.30** Expedition: Familjeliv **16.00** Charlie och Lola **16.10** Storasyster och lillebror **16.15** Räkna med skägg **16.30** Hej hej sommar **16.31** Tintin **17.00** Blue Water High **17.30** Rapport **18.00** Sommartorpet **18.30** Packat & klart sommar **19.00** Mördare okänd **20.45** Bergen - Kirkenes t/r **21.15** Rapport **21.25** Revy-SM 2006 **21.55** Vita huset **22.40** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég er mjög öfgakennd. Stundum hlusta ég á rapp og stundum vil ég algjöra þögn. En oftast finnst mér best að hlusta á gömul íslensk dægurlög, til dæmis Ellý Vilhjálms.*

Elísabet Jökulsdóttir rithöfundur.

# Valtýr Björn fær samkeppni

Útvarps- og íþróttafréttamaðurinn Valtýr Björn Valtýsson mun fá aukna samkeppni frá og með deginum í dag þegar nýr daglegur útvarpsþáttur, Fótbolti.net, mun hefja göngu sína á útvarpsstöðinni Reykjavík FM 101,5. Nýi þátturinn verður sendur út alla virka daga frá kl. 12-13 en þáttur Valtýs, Mín skoðun, er á dagskrá X-ins 977 á milli 12 og 14.

„Ég fagna allri samkeppni. Ég held að hún sé bara af hinu góða og heldur manni á tánum,“ segir Valtýr Björn en hann hefur stjórnað íþróttaþætti sínum síðustu fimm ár með mjög góðum árangri. Fór hlustun á þátt hans mest upp í 25 prósent fyrir nokkrum árum. „Ég held að það sé alveg markaður fyrir tvo svona þætti en þetta er mjög harður bransi sem erfitt er að fóta sig á í upphafi. En gangi þeim vel,“ segir Valtýr Björn.



**GUNNAR JARL JÓNSSON** Annar stjórnanda nýja íþróttaþáttarins.

Eins og nafnið gefur til kynna verður mesta áherslan lögð á fótbolta í þættinum Fótbolti.net en þó verður einnig fjallað um aðrar íþróttir, líkt og gert er hjá Valtý.



**VALTÝR BJÖRN** Fagnar allri samkeppni.

„En við vildum frekar hafa þáttinn klukkutíma langan og teljum að hann verði beinskeyttari þannig en á tveimur tímum,“ segir Gunnar Jarl Jónsson, en hann hefur veg og vanda af nýja þættinum ásamt Sigurbirni Hreiðarssyni, knattspyrnumanni hjá Val í Landsbankadeildinni.

„Við munum sjá hvernig þetta fer í sumar en ef vel gengur er þessi þáttur kominn til að vera,“ bætir Gunnar við. **- vig**



**LÁRÉTT** 2. sæti 6. frá 8. trjátegund 9. af 11. bókstafur 12. tornæmur nemandi 14. hnupla 16. klafi 17. fúadý 18. fát 20. þys 21. traðkaði.

**LÓÐRÉTT** 1. fjötur 3. tveir eins 4. eyja 5. hallandi 7. dýr 10. kærleikur 13. gras 15. svara 16. margsinnis 19. eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. sess, 6. af, 8. eik, 9. frá, 11. ká, 12. tosi, 14. stela, 16. ok, 17. fen, 18. fum, 20. ys, 21. tróð. **LÓÐRÉTT:** 1. haft, 3. ee, 4. síkiley, 5. ská, 7. froskur, 10. ást, 13. sef, 15. ansa, 16. oft, 19. mó.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Raggi Bjarna
2. Salman Rushdie
3. Sólveig Arnardóttir

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**BRÚÐUSAFN** Helga Ingólfsdóttir gaf Byggðasafni Reykjanessbæjar brúðusafn sitt. MYND/ERLING

HELGA INGÓLFSDÓTTIR: GAF BYGGÐASAFNI REYKJANESS BRÚÐUSAFN

# Með fullt hús af brúðum

„Ég hefði orðið að flytja út fyrir rest. Núna kemst ég fyrir heima hjá mér,“ segir Helga Ingólfsdóttir þroskaþjálfari sem gaf nýlega Byggðasafninu í Reykjanesbæ brúðusafnið sitt. Helga átti orðið tæplega tvö hundruð brúður þannig að þetta er vegleg gjöf til safnsins.

Helga byrjaði að safna brúðum fyrir um tíu árum út frá vinnu sinni sem þroskaþjálfi. „Mér finnst við aðeins þurfa að staldra við og hugsa um gildi hlutverkaleiksins. Brúður og bangsar eru oft bestu vinir barnanna en tölvur geta aldrei orðið það.“ Helga tekur þó fram að hún hafi alls ekkert á móti tölvum og hafi notað þær tölvert í sínu starfi. Þær geti þó aldrei komið í staðinn fyrir frjálsan leik og tilfinningatengslin á milli barns og brúðu eða barns og tölvu séu alls ekki sambærileg.

Helga segir brúðurnar hafa komið víða að. Hún vann um tíma fyrir Rauða Krossinn við að þrífa brúður og fékk eina og eina brúðu í staðinn. Hún fékk þær líka í Góða hirðinum og ýmsum búðum með notaðar vörur.

Upphafið að brúðusafninu var að Helgu vantaði eitthvað til að dreifa huganum. „Á meðan aðrir sökkva sér kannski í þunglyndi reyni ég að hafa eitthvað fyrir stafni. Ef mér líður illa reyni ég að gleyma mér í einhverju, með því að hafa eitthvað í höndunum.“

Ástæða þess að Helga ákvað að gefa Byggðasafninu brúðurnar er sú að hún var svo hrifin af því starfi sem Byggðasafnið hefur staðið fyrir síðustu ár. „Ég var búin að sjá margar skemmtilegar sýningar hjá þeim og langaði til að leggja mitt af mörkum.“

Það er ekki mikið til af leikföngum á söfnum landsins en það stendur nú til bóta því að aukist hefur að safnarar á borð við Helgu gefi söfnum leikfangasöfn sín. „Þetta er auðvitað hluti af menningarsögunni. Það hafa meira að segja fundist brúður í grafreitum Egypta til forna.“

Helga segir að þó hún sé búin að gefa brúðusafnið sitt sé hún nú ekki alveg hætt að safna. „Þetta er náttúrulega ástríða. Svona söfnunarástríða deyr ekki svo glatt.“

Brúðusafnið er til sýnis í Bókasafninu í Reykjanesbæ á opnunartímum þess.

Þess má geta þess að sýning Helgu á handprjónuðum þjóðbúningum á brúður er nú í verslun Handprjónasambandsins á Skólavörðustíg.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Lítið hefur farið fyrir söngvaranum **Hreimi Heimissyni**, gjarnan kenndum við hljómsveitina Land og syni, síðustu misseri. Hreimur mun hafa ákveðið að draga sig í hlé frá tónlistinni fyrir nokkru til að sinna eiginkonu og ungum syni sínum auk þess að einbeita sér að sínu aðalstarfi hjá versluninni Byggt og búið í Smáralind. Hreimur hefur nú ráðið sig til húsgagnaverslunarinnar Habibat. Aðdáendur Hreims þurfa annars ekki að örvænta því hann og gítarleikarinn **Vignir Snær Vigfússon** hafa verið í upptökuverinu síðustu vikur og er von á plötu frá þeim félögum innan tíðar.



Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær mun ofurbloggarinn **Ellý Ármannsdóttir** prýða forsíðu næsta tölublaðs Ísafoldar þar sem hún mun fylgja eftir krassandi bloggfærslum sínum á myndrænan hátt. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var búið að fylla baðkar af rósablöðum sem Ellý átti að baða sig í á meðan hún var mynduð en fljótlega var horfið frá þeirri hugmynd. Ástæðan ku vera sú að hugmyndin þótti ekki sérstaklega frumleg enda prýddi **Rósa Ingólfsdóttir** forsíðu Mannlífs fyrir um átján árum þar sem hún baðaði sig einmitt upp úr rósablöðum.



Og meira af bloggurum því **Svanhildur Hólm Valsdóttir** hefur verið duglegur bloggari síðustu mánuði. Hún hefur bloggað á Vísisblogginu eins og aðrir kollegar hennar í sjónvarpsþættinum Ísland í dag. Svanhildur er hins vegar ósátt við Vísisheima og er flutt aftur á gamlar slóðir í Blogspot-svæðinu. Á blogginu sínu segist Svanhildur vera svo mikið „kontrólfrík“ að hún vilji hafa fullkomna stjórn á eigin bloggi og að gamla bloggið bjóði einfaldlega upp á fleiri möguleika en Vísisbloggið.



-vig/kh

LÚÐU TILBOÐ
Stór lúða
Fersklúða í smjörkryddi og eðal hvítlauk
AÐEINS 990kr/kg
Villtur urriði
Stórhumar - Risarækjur
HAFIÐ FISKIPRINSINN
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi
s: 554 7200 • www.hafid.is

# Hinn íslenski Moe

Breiðholtið býður nú upp á nýjan bar sem ber kunnuglegt nafn eða Moe's bar. Aðdáendur Simpsonsþáttanna ættu að kannast við nafnið en barinn í Simpsons heitir einmitt Moe's. Hinn íslenski Moe Breiðholtsins heitir Hjalti Ragnarsson og tók nýverið við rekstri barsins.

„Hann hét þessu nafni þegar ég keypti hann,“ segir Hjalti sáttur við nafnið og finnst ekkert athugavert við að vera hinn íslenski Moe. „Við erum ekki ennþá komin með Duff-bjórinn en það er auðvitað til fullt af öðrum góðum bjórtegundum. Þetta er risastór bar og við erum með poolborð, tvo risastóra skjái, einkasal fyrir partí og afmæli og fleira spennandi,“ segir Hjalti og bætir því við að staðurinn sé nú þegar vel sóttur af hverfisbúum. „Reyndar er það þannig að tveir barir í Breiðholtinu eru að loka og því fer samkeppnin minnkandi. Við ráðum þó alveg við aukna aðsókn þar sem þetta er gríðarlega stór staður eða 360 fermetrar.“

Barinn er staðsettur við hliðina á Krónunni í Breiðholti og nú er bara spurning hvort Moe's Bar verði vinsælasti staður fyrir símaat hjá hrekkjalómum hverfisins. **-bg**



**HJALTI RAGNARSSON** Hinn íslenski Moe er ekkert nema glaður yfir nýju nafngiftinni og segir barinn þann flottasta í Breiðholti.


WWW.SVAR.IS
TAKMARKAÐ
MAGN
AÐEINS 10 STK.
Panasonic 32"
LX60 LCD Sjónvarp
Panasonic
TILBOÐ: 129.900-
VERÐ ÁÐUR: 169.900-
svar:) tækni
VERSLUN OKKAR ER VIÐ SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

LYFJA
- Lífið heil
Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi
Opið 8-24
alla daga



BAKÞANKAR

ÞRÁINS BERTELSSONAR

# Fjallkarl handa Fjallkonunni

17. júní þegar ég var að alast upp sló út skrúðgöngurnar bæði fyrsta maí og á sjómannadaginn og dró að sér svo mikinn mannfjölda niður í miðbæ að þar voru saman komin fleiri andlit en maður hafði áður séð. Og skemmtiatriðin Þjóðsöngskórinn og dansleikur á malbiki á eftir voru stórkostir menningarviðburðir sem hafa geymst í glöpóttu minninu allt fram á þennan dag.

**EKKI** kom það manni minna á óvart hversu kaupmennskan var þjóðinni í blóð borin. Hið ólíklegasta fólk leigði sér sölutjald og sauð pylsur eða hitaði kaffi og seldi útblásnar blöðrur með svimandi álagningu. Það var greinilegt að þessi þjóð sem hafði búið við viðskiptahöft öldum saman geymdi í ólgandi blóði sér löngunina til að græða á tá og fingri.

**ÞETTA** var líka dagur íslenska fánans. Öll börn fengu að kaupa sér fána til að hafa í hendinni. Þessa fána var hægt að vefja upp á skaftið og skylmast með prikunum, milli þess sem maður rétti út fánann og veifaði honum til að fagna sjálfstæðinu.

**JÓN** Sigurðsson fékk tvo blómsveiga með skilum hvern sautjánda júní, bæði á vinnustaðnum niðri á Austurvelli og svo við gröfina uppi í Hólavallagarði. Eilífðarjómfrúin fjallkonan flutti svo ávarp eða kvæði og við hinir rómantískari í hópi drengjanna óskuðum þess að einhvern tímann kæmi fjallkonan með fjallkarlinn sinn með sér og jafnvel fjallbarn líka, eitt eða fleiri. – Hví skyldi fjallkonan ein dæmd til afskekkts einlífis hjá þessari framgjörnu og fjörugu þjóð. Einstæð, barnlaus, umkomulaus.

**ÖLLU** hefur farið fram síðan á æskuárum mínum, nema hvað fjallkonan er enn þá ein.

**ÍSLENSKIR** karlmenn vilja ekki una þessari mismunun lengur og krefjast þess að fjallkonunni verði fundinn sálufélagi eða maki við hæfi fyrir næstu þjóðhátíð. Ef fjallkonan er lesbísk ætti það ekki að koma að sök, aðalatriðið er að lítil þjóð á framfaravegi muni eftir rótum sínum og skilji engan út undan þegar eitthvað er til skiptanna og gleymi umfram allt ekki fjallkonunni.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




**2.290.000** KR. OPEL ASTRA TURBO – 17" ÁLFELGUR, 6 GÍRA, 180 HESTAR
**35.387*** KR. Á MÁNUÐI. ENGIN ÚTBORGUN

Nýi Opel Astra Turbo er fallegasti bíllinn á götunni. Astra eru alltaf léttir og snöggir en með Turbo eykst krafturinn til muna. Stórglæsileg hönnun helst í hendur við kraftmikla vél og magnaða aksturseiginleika. Stöðugleiki á veginum er frábær og útvortis hönnun minnkar vindmótstöðu. Niðurstaðan er kraftmikill og lifandi akstur.

Hlaðinn aukabúnaði
ESP skriðvörn, útvarpsfjarstýring í stýri, samlitur og loftkæling. 7 hátalarar, spilar mp3, hiti í sætum, aksturstölva og margt, margt fleira.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00.